



VERKFRÆDISTOFA SIGURÐAR THORODDSENI s/f  
ÁRMÚLI 4 REYKJAVÍK SÍMI 84499

# VIRKJUN JÖKULSÁR Á FJÖLLUM

I

Drög að áætlun um HÓLSFJALLAVIRKJUN  
Miðlun og virkjun við LAMBAFJÖLL



Skýrsla saman fyrir ORKUSTOFNUN  
OS - ROD - 7612

VST 75.057

Reykjavík, apríl 1976

V I R K J U N   J Ö K U L S Å R   A   F J Ö L L U M

I

Drög að áætlun um HÖLSFJALLAVIRKJUN

Miðlun og virkjun við LAMBAFJÖLL

Skýrsla samin fyrir

ORKUSTOFTNUN

OS - ROD - 7612

VST 75.057

Reykjavík, apríl 1976

## EFNISYFIRLIT

bls.

### FORMÁLI

Bréf .....	i
Kostnaðaryfirlit .....	v
Helztu einkennistölur .....	vi
Helztu magntölur .....	x

### GREINARGERÐ

1. Inngangur .....	1
2. Virkjunartilhögun .....	4
2.1 Yfirlit .....	4
2.2 Stífla og yfirfall .....	5
2.3 Aðrennslisskurður .....	7
2.4 Fallgöng, stöðvarhús, frárennsli ..	17
2.5 Vélar og rafbúnaður .....	20
2.6 Vegagerð o.fl. .....	21
3. Afl og orkuvinnsla .....	23
4. Kostnaðaráætlun .....	25
4.1 Grundvöllur kostnaðaráætlana .....	25
4.2 Kostnaðaryfirlit .....	27
4.3 Sundurliðuð kostnaðaráætlun .....	28
5. Vatnafræði .....	34
5.1 Vatnasvið .....	34
5.2 Rennsliseinkenni .....	35
5.3 Flóð .....	36
5.4 Aurburður .....	38
5.5 Ís .....	40
6. Jarðfræði og byggingarefni .....	42
6.1 Jarðfræði .....	42
6.2 Byggingarefni .....	46
7. Framhaldsrannsóknir .....	52
8. Viðaukar .....	54
8.1 Stofnkostnaður Hólsfjallavirkjunar með mismunandi upsettum afli .....	54
8.2 Miðlun og virkjun við Lambafjöll ..	62

EFNISYFIRLIT frh.

bls.

**TEIKNINGAR OG FYLGISKJÖL**

Skrá yfir fylgiblöð og teikningar ..... 66  
Fylgiblöð 3.1, 6.2.1 - 5, 8.1.1 og 8.2.1  
Teikningar 75.057.1.01 - 1.23.



VERKFRÆÐISTOFA SIGURÐAR THORODDSEN sf  
ÁRMÚLI 4 REYKJAVÍK SÍMI 84499

ORKUSTOFNUN

Laugavegi 116,  
Reykjavík.

Tilv. yðar

Bréf yðar

Tilv. okkar

75.057

Dags.

1. apríl 1976

HÓLSFJALLAVIRKJUN

Vorið 1975 fóll Orkustofnun Verkfræðistofunnin frumathuganir á virkjun Jökulsár á Fjöllum frá Sauðaklifshöfða niður fyrir býlið Austara-Land. Var þá fyrirhugað að kanna jarðlagaskipan á svæðinu um sumarið. Fyrstu drög að áætlunum lágu fyrir á miðju sumri, og var gerð grein fyrir þeim í bréfum til Orkustofnunar dags. 15. 7. og 7. 8. 1975.

Athugaðar voru mismunandi skurðleiðir, en ekki kom fram marktækur kostnaðarmunur milli þeirra. Á vettvangsgöngu dagana 29. og 30. júlí 1975 var því lögð áherzla á að velja líklegustu leið með tilliti til staðháttar og sennilegrar jarðlagaskipanar og miða áframhaldandi jarðfræðirannsóknir við hana.

Vegna víðáttu virkjunarsvæðis og takmarkaðs tækjakosts og mannafla tókst ekki að ljúka jarðfræðiathugunum í þeim mæli, að á þeim megi byggja fullkomna frumáætlun um virkjunina. Hefur að þessu leyti víða orðið að byggja á líkum. Á það einkum við nyrðri hluta skurðleiðar og stíflustæði að hluta. Vegna þessa höfum við kosið að nefna meðfylgjandi greinar-gerð drög að áætlun, þótt hún að öðru leyti nálgist að vera frumáætlun. Áætlanir um miðlun og virkjun við Lamba-

fjöll eru hins vegar hrein drög, þar sem jarðfræðirannsóknir skortir nær algerlega og af því svæði eru einungis til uppdraettir í mælikvarða 1 : 50.000.

Athugun á líklegum jarðefnum til mannvirkjagerðar var þáttur í vettvangsrannsóknum s.l. sumar. Verkfræðingar stofunnar fóru í þessu skyni um svæðið í septembermánuði og var gerð grein fyrir ferðinni í bréfi til Orkustofnunar dags. 15. 9. 1975. Sýni, sem tekin voru, hafa nú verið rannsökuð og er gerð grein fyrir niðurstöðum í sérstökum kafla í meðfylgjandi greinargerð. Ítarlegri efnisathuganir eru nauðsynlegar.

Höfuðkaflar eftirfarandi skýrslu fjalla um virkjun Jökulsár frá Sauðaklifshöfða, þar sem áin er stífluð upp í 370 m hæð y.s., niður fyrir býlið Austara-Land, þar sem hún er í nálægt 34 m hæð y.s. Í lóni ofan stíflu er gert ráð fyrir 150 Gl miðlun. Áætluð orkuvinnslugeta er 2660 GWh/a og uppsett afl 444 MW. Jafngildir það nálægt 6000 nýtingarstundum á ári. Áætlaður stofnkostnaður vinnsluvirkja er nálægt 29,3 Gkr, og með árlegum kostnaði, sem nemur 13,13 af hundraði stofnkostnaðar, verður orkuverð 1,45 kr/kWh við stöðvarvegg.

Í viðauka með skýrslunni er gerð áætlun um viðbótarmiðlun ofan stíflu við Lambafjöll og jafnframt um virkjun þar. Loks er borinn saman stofnkostnaður Hólsfjalla- og Lambafjallavirkjana með mismunandi miðlun og afli. Lægstur orkukostnaður fæst með 1350 Gl viðbótarmiðlun við Lambafjöll og 100 MW virkjun þar ásamt 660 MW virkjun við Hólsfjöll. Heildarstofnkostnaður er þá áætlaður nálægt 49,3 Gkr, og með árlegum kostnaði, sem nemur 13,13 af hundraði stofnkostnaðar, verður orkuverð 1,42 kr/kWh við stöðvarvegg miðað við áætlaða orkuvinnslu 4560 GWh/a. Þótt orkukostnaður verði lægstur með 1500 Gl heildarmiðlun, þ.e. 1350 Gl miðlun við Lambafjöll og 150 Gl miðlun í lóni við

Sauðaklifshöfða, virðist vel koma til greina að miðla enn frekar við Lambafjöll og auka afl virkjana til samræmis við aukna orkuvinnslugetu. Síðast nefndar niðurstöður ber þó að taka með varúð, þar sem áætlanir um virkjun og miðlun við Lambafjöll eru enn mjög lauslegar eins og áður var minnzt á.

Í skýrslunni er ekki fjallað sérstaklega um umhverfismál. Við val á virkjunartilhögun hefur þó verið haft í huga, að hún samrýmdist sem bezt hugmyndum um umhverfisvernd, en vesturbakki Jökulsár frá Dettifossi norður í Axarfjörð er þjóðgarður. Með miðlun og virkjun við Lambafjöll mun þó verða tilfinnanleg umhverfisröskun á Möðrudalssvæðinu, sem er í byggð. Með 1350 Gl miðlun þar munu nálægt 120 km<sup>2</sup> lands fara undir vatn og þar með byggðin í Möðrudal.

Fram hafa komið hugmyndir um að veita Jökulsá á Brú yfir á vatnsvið Jökulsár á Fjöllum. Með nálægt 2500 Gl heildarmiðlun er þá talið, að orkuvinnsla Hólsfjalla- og Lambafjalla-virkjana geti numið nálægt 7 TWh/a. Í skýrslunni er ekki fjallað um þessa veitu, en bent er á, að lokaákvörðun um orkunýtingu á þessum slóðum verði að byggja á heildarmynd af virkjunarmöguleikum á vatnsviðum Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal.

Eins og fram hefur komið er áætlað orkuverð Hólsfjalla-virkjunar 1,4 til 1,5 kr/kWh við stöðvarvegg og orkuverð verður því sem næst óbreytt, þótt virkjunin verði stækkuð samfara miðlun og virkjun við Lambafjöll. Álitlegt virðist þannig að virkja í áföngum, en verði horfið frá miðlun við Lambafjöll, verður síðar nauðsynlegt að gera aðrar ráðstafanir til að hefta framburð Jökulsár, þar sem hann mun að öðrum kosti smám saman fylla inntakslónið við Sauðaklifshöfða.



Þar sem umræddar virkjanir í Jökulsá á Fjöllum virðast mjög hagkvæmar, er lagt til að undirbúningsrannsóknun verði haldið áfram. Erum við reiðubúnir til samstarfs þar að lútandi.

Virðingarfyllst,

*Kristján Már Sigurjónsson*

Kristján Már Sigurjónsson

*Loftur Þorsteinsson*

Loftur Þorsteinsson

**KOSTNAÐARYFIRLIT**

Vegagerð o.fl. ....	500,0	Mkr.
Stífla við Sauðaklifshöfða .....	1.281,5	"
Botnrás í miðlunarstíflu .....	217,8	"
Yfirlall við Sauðaklifshöfða .....	337,0	"
Skurðinntak .....	174,1	"
Aðrennslisskurður .....	5.999,0	"
Stíflur meðfram skurði .....	568,9	"
Yfirlall m.lokum L = 12,8 km .....	57,7	"
Yfirlall m.lokum L = 18,7 km .....	38,4	"
Botnrás úr lóni L = 16,1 km .....	40,1	"
Yfirlall, botnrás og ísvarnarveggur .....	212,6	"
Stöðvarinntak, ísloka, botnrás .....	347,1	"
Fallgöng .....	710,9	"
Stöðvarhús og aðkeyrslugöng .....	1.250,7	"
Frárennslisgöng og svelgur .....	2.748,7	"
Stöðvarvarðahús .....	130,0	"
Vélar og rafbúnaður .....	4.900,0	"
Samtals:		19.514,5 Mkr.
Ofyrirséð 5% af 4.100 Mkr .....	205,0	"
Ofyrirséð 15% af 15.415 Mkr .....	2.312,5	"
Samtals:		22.032,0 Mkr.
Verðhækkanir .....	1.763,0	"
Samtals:		23.795,0 Mkr.
Hönnunar- og umsjónarkostnaður .....	2.380,0	"
Samtals:		26.175,0 Mkr.
Undirbúningskostnaður .....	475,0	"
Samtals:		26.650,0 Mkr.
Vextir á byggingartíma .....	2.650,0	"
<u>Heildarkostnaður vinnsluvirkja:</u>		<u>29.300,0 Mkr.</u>

Stofnkostnaður á afleiningu	66,0	Mkr/MW
Stofnkostnaður á orkueiningu	11,02	kr/kWh/a

## HELZTU EINKENNISTÖLUR

### Vatnasvið:

Jökulsá við Lambafjöll .....	5.000	km <sup>2</sup>
Jökulsá við Dettifoss .....	6.500	km <sup>2</sup>
Jökulsá við Sauðaklifshöfða .....	6.040	km <sup>2</sup>

### Rennsli:

Meðalrennsli við Dettifoss 1940-1973 ...	182	kl/s
Meðalrennsli til virkjunar (reiknað) ...	177	kl/s
Mesta mælt rennsli við Dettifoss .....	1.550	kl/s
Minnsta mælt rennsli við Dettifoss .....	37	kl/s
Hönnunarflóð á steyptu yfirfalli .....	3.800	kl/s

### Miðlunarlón:

Flatarmál við yfirfallshæð 370,5 m y.s.	41	km <sup>2</sup>
Rúmmál við yfirfallshæð .....	182	Gl
Nýtileg miðlun frá 365,0-370,5 m y.s. ...	150	Gl

### Yfirfall:

Lengd .....	600	m
Krónuhæð .....	370,5	m y.s.
Rennsli við vatnsborðshæð 372,5 m y.s. .	3.800	kl/s

### Jarðstífla í Jökulsá:

Lengd .....	3,5	km
Krónuhæð .....	375,0	m y.s.
Krónubreidd .....	6,0	m
Flái vatnsmegin .....	1:1,75	
Flái loftmegin .....	1:1,5	
Mesta hæð .....	22,0	m
Botnlokur .....	2 stk.	4,5x5,5 m <sup>2</sup>

Aðrennslisskurður:

Skurðinntak, 2 hjóalalokur .....	4,4x5,0	m <sup>2</sup>
Lengd .....	33,6	km
Botnbreidd í klöpp .....	18,0	m
Botnbreidd í mórenu .....	6,0	m
Fláar í klöpp .....	1:0,25	
Fláar í mórenu .....	1:2	
Mesta dýpi .....	12,6	m
Fall í mórenu .....	0,032	%/oo
Fall í klöpp .....	0,030	%/oo
Vatnsborðshæð við stöðvarinntak .....	357,0	m y.s.

Stíflur meðfram skurði:

Krónubreidd .....	5,0	m
Flái vatnsmegin .....	1:1,75	
Flái loftmegin .....	1:1,6	

Yfirlall í skurði L = 12,8 km:

Breidd .....	20,0	m
Krónuhæð .....	361,0	m y.s..
2 botnlokur .....	2,4x2,5	m <sup>2</sup>

Botnrás úr lóni L = 16,1 km:

Botnloka .....	2,6x3,4	m <sup>2</sup>
Flutningsgeta við vatnsborð 360,4 m y.s.	90	kl/s

Yfirlall í skurði L = 18,7 km:

Breidd .....	26,0	m
Krónuhæð .....	358,1	m y.s..
3 botnlokur .....	1,6x2,5	m <sup>2</sup>

Yfirlall, ísloka og ísvarnarveggur í skurði:

Steypt yfirlall, lengd 75 m, krónuhæð ..	357,2	m y.s..
Ísloka .....	4x6	m <sup>2</sup>
Botnloka .....	3,5x4	m <sup>2</sup>

Stöðvarinntak, ísloka:

2 Inntakslokur .....	5 x 7	m <sup>2</sup>
Ísloka .....	6 x 3	m <sup>2</sup>
Botnloka .....	4 x 3	m <sup>2</sup>

Fallgöng, stálfóðruð, hringlaga:

Pvermál .....	4,0	m
Flatarmál .....	2x12,57	m <sup>2</sup>
Vatnshraði við 164 kl/s rennsli	6,53	m/s
Lengd lóðréttar ganga .....	310	m

Stöðvarhús, neðanjarðar:

Lengd .....	81,5	m
Breidd .....	19,5	m
Hæð .....	34	m
Aðkomugöng, lengd 1,8 km, flatarmál .....	32	m <sup>2</sup>

Frárennslisgöng, skeifulaga:

Flatarmál ganga .....	85,7	m <sup>2</sup>
Lengd ganga .....	8.200	m
Svelgur .....	1.000	m <sup>2</sup>
Venjulegt vatnsborð í svelg .....	43,2	m y.s.
Venjulegt vatnsborð við útrennsli .....	34,0	m y.s.

Vatnsvélar:

Francis hverflar á lóðréttum ás .....	4	stk.
Rennsli .....	4x41	kl/s
Fallhæð, nettó .....	310	m
Afl .....	4x156.000	hö

Rafalar:

Priggja fasa, gas-vatnskeldir á lóðréttum ás .....	4	stk.
Afl .....	4x139	MVA
cos φ .....	0,8	

Snúningshraði .....	300	sn/mín
Spenna .....	20	kV

Spennar:

50 MVA, einfasa 380/V3/20 kV.....	12+1	stk.
1,6 MVA (eigin notkun) .....	2	stk.
SF <sub>6</sub> - einangraður 380 kV búnaður .....		

Afl og orka:

Virkjað rennsli .....	4x41 ..	= 164	kl/s
Hönnunarfallhæð .....		310	m
Afl .....		444	MW
Rennslisorka .....		4.200	GWh/a
Viðbót orkuvinnslu eftir tengingu við sam tengt Norður- og Suðurlandskerfi ....		2.660	GWh/a

HELZTU MAGNTÖLUR

Gröftur .....	2.488.000	m <sup>3</sup>
Gröftur með rifjun .....	2.690.000	m <sup>3</sup>
Sprengingar, ofanjarðar .....	3.652.000	m <sup>3</sup>
Sprengingar, göng .....	940.000	m <sup>3</sup>
Heildarfylling í jarðstíflur .....	2.423.000	m <sup>3</sup>
Steinsteypa .....	113.000	m <sup>3</sup>
Mót .....	130.000	m <sup>2</sup>
Steypustyrktarstál .....	2.911.000	kg
Stálfóðrun .....	1.538.000	kg

1.

## INNGANGUR

Rannsóknir Orkustofnunar á vatnsviði Jökulsár á Fjöllum hófust begar á árinu 1954. Í fyrstu beindist athyglín einkum að Jökulsárgljúfrum eða nánar tiltekið að fallinu frá Selfossi niður fyrir Vígabergsfoss. Í skýrslu frá árinu 1967 „JÖKULSA Á FJÖLLUM. FRUMDRÖG AÐ MYNZTURAÆTLUN“ er gerð tilraun til að meta virkjunaraðstæður í heild. Niðurstöður áætlana, sem byggðust á mjög ófullkomnum gögnum, voru, að hagkvæmt myndi að nýta nálægt 370 m fallhæð í bremur orkuverum með miðlun á Möðrudalssvæðinu. Orkuvinnslugeta var talin 4,2 TWh/a. Fyrirhuguð orkuver voru við Lambafjöll, Dettifoss og Vígabergsfoss. Jafnframt voru gerðar áætlanir um virkjanir á tveimur stöðum ofar, þ.e. við Upptyppinga og Arnardalsá, en ekki var talið hagkvæmt að virkja þar.

Snemma árs 1969 komu fram hugmyndir um að veita saman rennsli Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og virkja það í einu orkuveri niður í Fljótsdal. Lauslegar áætlanir voru gerðar um mismunandi tilhaganir og er m.a. greint frá niðurstöðum í skýrslu um „FORRANNSÓKNIR Á VATNS-AFLI ÍSLANDS“ frá janúar 1971. Hagkvæmast var talið að virkja sérstaklega Jökulsá í Fljótsdal með veitu af Hraunum, en veita Jökulsá á Fjöllum austur í Jökulsá á Brú og virkja þær saman í tveimur orkuverum niður í Fljótsdal. Orkuvinnslugeta hefur í heild verið talin nálægt 10,5 TWh/a.

Með framangreindri tilhögun á virkjun jökulánna þriggja er gert ráð fyrir kostnaðarsönum samveitum og stórum miðlunararlónum. Virkjunaráfangar yrðu því

að verða stórir til að rísa undir kostnaði. Vegna þess óskaði Orkustofnun eftir áætlun um virkjun með takmörkuðu afli við Dettifoss eða nánar tiltekið nálægt 160 MW virkjun með 150 Gl miðlun í inntaks-lóni. Var þá einnig haft í huga að nýta mætti afl virkjunarinnar sem varaafli, ef ráðizt yrði í að veita stórum hluta rennslis austur á vatnasvið Jökulsár á Brú. Með hliðsjón af samanburðaráætlunum, sem m.a. byggðust á ítarlegum jarðfræðirannsóknunum á árunum 1973 og 1974, var gerð hönnunaráætlun um 161 MW virkjun, sem nýtir nálægt 139 m heildarfall frá stíflu ofan við Selfoss niður fyrir Haffragilsfoss. Fyrir niðurstöðum áætlunar er gerð grein í skýrslu til Orkustofnunar „DETTIFOSS HYDROELECTRIC PROJECT. Volume I. Main Report“ frá maí 1975. Orkuvinnslu-geta virkjunarinnar er talin nálægt 1,1 TWh/a.

Með Dettifossvirkjun er einungis nýttur hluti af falli Jökulsár, sem hagkvæmt er talið að virkja. Hefur því þótt rétt að athuga virkjuntihaganir, sem nýtu sem mestan hluta fallsins milli brúnna á Fjöllum og í Axarfirði. Jafnframt verði haft í huga, að tilhögunin samrýmdist hugmyndum um umhverfis-vernd, en Jökulsárgljúfrin eru að hluta þjóðgarður. Hugmyndir um slíka virkjun hafa reyndar komið fram áður, en í framvinduskýrslu um Dettifossvirkjun frá janúar 1973 eru drög að áætlun um að virkja allt fallið frá Grímsstaðanúp á Fjöllum niður í Axarfjörð, eða frá 390 niður í 30 m hæð y.s., í einni virkjun.

Eins og áður er vikið að, hefur verið áliðið hagkvæmt að veita rennsli af efri hluta vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum austur í Jökulsá á Brú. Áætlanir um það byggjast þó á mjög veikum grunni. Ekki hefur verið tekið tillit til ýmissa jarðfræðilegra vandamála

og um umhverfismál hefur lítið verið fjallað. Mikil óvissa ríkir því enn um, hvort veitt verði austur, og hefur bótt rétt að gera áætlanir um frekari nýtingu á rennsli með miðlun á Möðrudalssvæðinu. Þarf þá að stífla milli Grímsstaðanúps og Lambafjalla annars vegar og Lambafjalla og Miðfells hins vegar, en á báðum þessum stíflustæðum hefur jarðlagaskipan lítt verið athuguð. Fyrir umræddri miðlun og virkjun við Núpaskot, sem væntanlega verður sjálfsagður hluti af framkvæmdum, hefur þegar verið gerð grein í skýrslu til Orkustofnunar um „VIRKJUN VIÐ DETTIFOSS, II. HEFTI, VIÐAUKAR“ frá nóvember 1975.

Í skýrslu til Orkustofnunar um „AUSTURLANDSVIRKJUN“. Yfirlit yfir virkjunarathuganir á vatnasviðum Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal“ frá október 1975 er gerð grein fyrir hugmyndum um að veita Jökulsá á Brú hjá Kárahnjúkum yfir á vatnasvið Jökulsár á Fjöllum. Með stórfelldri miðlun við Lambafjöll er líkleg orkuvinnslugeta Hólsfjallavirkjunar og virkjunar við Núpaskot (Lambafjöll) þá talin geta numið tæpum 7 TWh/a. Hér verður ekki fjallað um nefnda veitu, en hins vegar bent á, að lokaákvörðun um orkunýtingu á þessum slóðum verður að byggja á heildarmynd af virkjunarmöguleikum á vatnasviðum áðurnefndra briggja jökuláa. Í áður nefndri skýrslu um „AUSTURLANDSVIRKJUN“ kemur m.a. fram, að heildarorkuvinnsla á vatnasviðunum verður líklega 1,5 til 2,3 TWh/a meiri með öðrum virkjunartilhögunum.

2. VIRKJUNARTILHÖGUN

2.1 Yfirlit (Teikn. nr. 75.057 - 1.01 og 1.02)

Eftirfarandi drög að áætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum frá Sauðaklifshöfða niður fyrir Austara-Land eru byggð á samanburðaráætlunum og vettvangs-athugunum, sem gerðar voru síðast liðið sumar, sbr. bréf okkar dags. 7. ágúst 1975. Var það ásamt fylgiskjölum birt sem framvinduskýrsla um þessi efni (OS - ROD 75.28).

Virkjunartilhögun er í höfuðdráttum sú, að Jökulsá er stífluð upp í 370,5 m hæð y.s. við Sauðaklifshöfða. Í lóni ofan stíflu er gert ráð fyrir 150 Gl nýtilegri miðlun, sem fæst með 5,5 m niðurdrætti í 365 m hæð y.s. Frá stíflu við Sauðaklifshöfða er vatninu veitt 34 km leið til norðurs í skurðum og um lón, sem mynduð eru með stíflum á veituleið. Að stöðvarinntaki á Borgarási tapast alls nálægt 7 m fallhæð að mestu sem náttúrlegt fall á tveimur stuttum skurðköflum. Frá stöðvarinntaki verða tvenn lóðrétt fallgöng að stöðvarhúsi neðanjarðar, en þaðan nálægt 8,2 km löng frárennslisgöng út í Jökulsá neðan við býlið Austara-Land. Áin er þar í um 34 m hæð y.s.

Raunfallhæð virkjunarinnar er talin nálægt 310 m og uppsett afl er ráðgert 444 MW í fjórum vélasamstæðum. Áætluð orkuvinnslugeta er 2660 GWh/a.

Í viðauka er gerð lausleg áætlun um viðbótarmiðlun ofan stíflu við Lambafjöll og jafnframt um virkjun þar, Lambafjallavirkjun. Þá er gerð áætlun um Hólsfjallavirkjun með mismunandi uppsettu afli og borin saman stofnkostnaður virkjana með mismunandi miðlun og afli.

Einstökum mannvirkjum virkjunarinnar er lýst nánar í eftirfarandi köflum, og þar er einnig að nokkru gerð grein fyrir forsendum áætlunargerðarinnar.

2.2 Stífla og yfirfall (teikn. nr. 75.057. - 1.03 og 1.04)

Stíflan nær frá Skógarholti vestan Jökulsár austur að Borgum, sem eru holt austan þjóðvegar skammt norður af Hólsseli. Stífla þessi skiptist í þrjá hluta, aðalstíflu og hjástíflu 1 og 2. Aðalstíflan liggur í boga frá Sauðaklifshöfða vestur yfir Hólsselskíl um svo nefndan Odda vestur yfir Jökulsá og áfram yfir Hrossaborgalind upp á Austari-Borgarmelstögl, en þaðan verður stíflan bein upp að Skógarholti. Í Hólsselskíl er áætlað að setja botnrás.

Aðalstíflan verður um 3,3 km á lengd og mesta hæð hennar nálægt 20 m. Stíflukrónan verður í 375,0 m hæð yfir sjó, krónubreidd 6 m, flái vatnsmegin 1 : 1,75 en loftmegin 1 : 1,5. Á stíflustæði aðalstíflunnar er grágrýtisklöpp þakin misþykku flóðsetslagi yfir mestan hluta, en þó er jökulberg í Sauðaklifshöfða og mórena í Borgarmelstöglum ofan á klöppinni. Þá kemur klöppin í ljós á tveimur stöðum á stíflustæðinu, annars vegar í Hólsselskílnum, þar sem botnrásin verður og hins vegar vestan Jökulsár.

Ráðgert er, að stíflukjarninn verði grundaður á klöppinni og jökulberginu. Til þess að svo megi verða þarf að lækka jarðvatnsborð niður fyrir yfirborð berggrunns, en þar sem það er næsta hallalítið á stíflustæðinu, kann að reynast nauðsynlegt að grafa allt að 3 km langan veituskurð, sem þjónar einnig til þurrkunar við byggingu botnrásarinnar. Aðrir stífluhlutar verða grundaðir á flóðsetinu og mórenunni. Hjástífla 1 verður í svo nefndum Höfðadal. Þar er ráðgert að hafa varayfirfall fyrir mannvirkin.

Það er stífla úr jarðefnum byggð upp þannig að hún brestur eftir að vatn hefur náð að renna yfir hana, en króna þeirrar stíflu er 2,5 m lægri en annarra jarðstíflna við lónið. Stíflukrónan verður um 300 m löng í 372,5 m hæð yfir sjó. Langsnið er sýnt á teikn. nr. 1.04, en mesta hæð stíflunnar verður um 8 m.

Hjástífla 2 kemur frá svo nefndum Ytrihofða um Borgarhóla yfir að Borgum. Stífla þessi verður um 2,2 km á lengd, en víðast hvar mjög lág. Í stíflunni verður yfirlall og intaksvirki fyrir aðrennslisskurð virkjunarinnar. Mestur hluti stíflunnar kemur á landsvæði sem er yfir 370 m hæð, þannig að vatn liggar að jafnaði aðeins á litlum hluta stíflunnar. Stíflukrónan verður í 375,0 m hæð yfir sjó og stíflubversnið eins og í aðalstíflu. Mesta hæð stíflunnar er við yfirlallið, um 10 m.

Yfirlallið verður 600 m löng bungastífla úr steinsteypu. Lengd bess er ákveðin, sem hagkvæmasta hlutfall stífluhæðar og yfirlalls miðað við kostnað.

Yfirlallsbrún verður í 370,5 m hæð yfir sjó, og um yfirlallið geta runnið 3800 kl/sek við vatnsborð í lóni í 372,5 m hæð y.s. Samsvarar það 4000 kl/s innrennsli í lónið. Vatn af yfirlallinu rennur út í farveg Jökulsár um 3 km norðan við stífluna. Auk þessa verður sérstök stífla, sem brestur, ef jökluhlaup koma, sjá lýsingu hér að framan.

Botnrás verður í aðalstíflu, þar sem hún liggar yfir Hólsselskíl. Botnrásin er úr steinsteypu alls um 80 m löng og tvískipt, og er hvor helmingur 4,5 x 5,5 m að innanmáli. Rennsli um botnrásirnar verður stjórnað af geiralokum í neðri enda hvorar botnrásar. Varalokur verða rétt innan við aðallokur. Botn-

rásirnar munu geta flutt um 700 kl/sek við vatnsborð í lóni í 372,5 m hæð y.s.

### 2.3 Aðrennslisskurður

(teikn. nr. 75.057 - 1.02, 1.05 - 1.12 og 21)

I inngangi að bessum kafla er lýst lauslega tilhögun aðrennslisskurðar. A teikningu 75.057.1.06 er grunnmynd af legu hans og þeirra mannvirkja, sem honum eru tengd. Val á bessari skurðleið er byggt á kortum í mælikvarða 1 : 20.000 með 5 m bili milli hæðarlína.

Jafnframt var lögð til grundvallar sú vitneskja um jarðlagaskipan, sem jarðfræðingar Orkustofnunar hafa aflað með rannsóknunum á svæðinu, einkum sumarið 1975. Þær rannsóknir voru einkum fólgunar í jarðsveiflumælingum, sem gerðar voru á syðri hluta skurðleiðarinnar og hafa gefið allgóða raun þar að því er virðist. Hins vegar var reynt að framkvæma slíkar mælingar á norðurhluta leiðarinnar frá Þríhólahrauni á móts við Dettifoss norður á Borgarás, en niðurstöður reyndust ekki nothæfar.

Reyndist það í samræmi við fyrri reynslu á Dettifosssvæðinu, og mun skýringa að leita í því, hve jarðlög eru sprungin og óregluleg á þessu svæði.

Heildarlengd aðrennslisskurðarins er 33,6 km og nær hann frá skurðinntaki í stíflunni við Sauðaklifshöfða, austanvert við Borgarhóla, að stöðvarinntaki norður á Borgarási í Landsheiði. Við val á bessum enda skurðarins var haft í huga, að stöðvarhús og frárennslisgöng væru fyrir utan það svæði, sem mest er sprungið, auk þess að hafa frárennslisgöngin sem stytzt, án þess að fallhæð minnki að ráði. Venjulegt vatnsborð við stöðvarinntak verður þannig 357 m y.s.

en við skurðinntak um 364 m y.s. Heildarfall í skurðinum er því um 7 m og verður það að mestu á tveimur köflum, fyrst á 3,3 km kafla um 13 - 16 km frá stíflu og síðan á 3,4 km kafla um 19 - 22 km frá stíflu. Á teikn. nr. 75.057.1.09 er langsnið af að-rennslisskurðinum, sem sýnir fyrirhugað vatnsborð hans, bæði við fullt álag vatnsvéla ( $Q = 164 \text{ kl/s}$ ) og þegar ein vél er í gangi ( $Q = 41 \text{ kl/s}$ ). Allvíða á skurðleiðinni hagar þannig til að hægt er að mynda uppistöðulón, einkum á syðri hluta leiðarinnar. Það hefur ótvíræða kosti í för með sér, en einkum ber að nefna minni gróft og möguleika á að safna hugsanlegum íshroða, án þess að stífla skurðinn, (sjá kafla 5.5). Hins vegar þarf allvíða að stífla meðfram skurðinum að vestanverðu, sjá kafla 2.3.1 og teikn. nr. 75.057. 1.06 - 09.

Skurðinum má skipta í fjóra höfuðkafla, eftir botnhalla og þversniðum. Fyrstu 12,8 km er gert ráð fyrir að skurðurinn sé að mestu grafinn í mórenu og laus jarðög. Er því valin minnsta botnbreidd 6 m, fláar 1 : 2 og botnhalli 0,03 %, sem gefur 10,5 m dýpi við fullt rennsli og meðalvatnshraða 0,6 m/s. Á alllögum kafla um 5 - 10 km frá skurðenda myndast lón 3 - 500 m breitt og annað 11 - 12 km frá skurðenda á móts við Syðra-Norðmelsfjall. Vatnsborð á bessum hluta skurðarins verður frá 363,8 til 363,4 m y.s. við fullt álag, 164 kl/s. Næsti kafli skurðarins er lagður um allmishæðótt og erfitt land, sem hallar víða til Jökulsár. Er átt við um 3,3 km leið, sem mörkuð er á teikningum 75.057.1.06 og 1.07 með lengd 12,8 km - 16,1 km og liggur norðanvert við Syðra-Norðmelsfjall til Príhólahrauns, sem er í allstórrri laut á móts við Dettifoss. Þar er gert ráð fyrir að mynda lón með premur stíflum að vestan og norðvestanverðu. Það er um  $2,2 \text{ km}^2$  að flatarmáli

við venjulegt vatnsborð, sem er áætlað í 360,4 m hæð y.s. Rými bessa lóns verður um 10 G1. Á fyrrnefndum kafla er bví gert ráð fyrir briggja metra falli. Hluti þess verður um yfirfall efst í þessum hluta skurðarins, um 1,7 m, sbr. kafla 2.3.3 hér á eftir og teikn. nr. 75.057.1.10. Þannig er gert ráð fyrir um 1,3 metra falli á bessari 3,3 km leið. Með botnhalla 0,27 %, botnbreidd 10 m og fláum 1 : 0,25 verður dýpi um 8,4 m og meðalvatnshraði 1,6 m/s. Gert er ráð fyrir að bessi kafli verði að mestu sprengdur í klöpp, einnig barf að stífla meðfram honum að vestanverðu á nokkrum stöðum.

Við norðurenda á fyrrnefndu lóni tekur aftur við skurður með tiltölulega miklu falli á kaflanum 18,7 - 22,1 km frá skurðenda. Á þessum kafla er einnig gert ráð fyrir um briggja metra falli, frá 360,4 m y.s. í fyrrnefndu lóni niður í 357,3 m y.s. Innrennsli í bennan kafla takmarkast af yfirfalli (sjá teikn. nr. 75.057.1.11) og bar er gert ráð fyrir um 0,7 m falli. Botnbreidd á fyrrnefndum kafla er ákveðin 10 m, fláar 1 : 0,25 og botnhalli 0,7 %. Við fullt rennsli,  $Q = 164 \text{ m/s}$  er gert ráð fyrir að meðalvatnshraði verði um 1,9 kl/s og dýpi 7,0 m. Þessi kafli skurðarins verður nær eingöngu sprengdur í klöpp, auk þess barf stíflu á einum stað vestanmegin milli 20 og 21 km frá skurðenda.

Að síðustu er gert ráð fyrir skurði með litlu falli um 15 km leið norður á Borgarás að stöðvarinntaki. Á bessari leið myndast tvö allstór lón, auk annarra smærri. Hið syðsta er á kaflanum 23 - 25 km frá skurðenda á móts við Rauðhóla. Það myndast með bví að stífla í tvö skörð vestanvert við laut allmikla sem liggur vel við valinni skurðleið. Um 1 km norðaustan við Kvensöðul á móts við Kerlingar er gert ráð fyrir að skurðurinn stefni til norðnorðausturs rétt austan við Hellragil en taki þaðan

stefnu til norðurs og að síðustu norðvesturs, þegar kemur út á Borgarás. Á þessari leið þarf að stífla að verulegu leyti á vinstri skurðbakka en norðan Rauðhóla í Landsheiði er gert ráð fyrir að mynda lón, sem fyrr segir. Þar er um 1,5 km löng lægð, sem hraun hefur runnið til úr fyrrnefndum Rauðhólum og mun lón betta umlykja það. Gert er ráð fyrir að stífla með lágum stíflum um 1 km leið eftir hrygg, sem er að vestanverðu, og einnig er lægð út úr þessari laut að norðaustanverðu, sem stífla þarf. Þar er einnig gert ráð fyrir að hafa yfirfall, botnrás og ísskolu, sbr. kafla 2.3.4 og teikn. nr. 75.057.1.12 - 13. Þetta lón er um 31 - 32,5 km frá skurðenda. Síðasti 1 km skurðarins verður sprengdur í Borgarásinn og endar í litlu inntakslóni, sem er myndað að mestu með stíflum á norðanverðum ásnum.

A þessum 15 km kafla er gert ráð fyrir jöfnum botnhalla, 0,03 %, botnbreidd er 18 m, fláar í klöpp 1 : 0,25, en 1 : 2,5 í lausum yfirborðslögum. Þannig verður meðalvatnshraði um 0,6 m/s og dýpi 12,6 m.

Í byrjun þessa kafla var minnzt á, að stöðvarinntak á Borgarási væri fyrir utan mesta sprungusvæðið. Á teikn. nr. 75.057.1.20 er skurðurinn sýndur á jarðfræðikorti, sem Orkustofnun hefur gert af þessu svæði.

Þar kemur fram að víðast liggur skurðurinn á svæðum, sem þakin eru berglögum frá hlýskeiðum ísaldar. Á syðri hluta skurðleiðarinnar eru berglög þessi víðast hvar þakin þykkum mórenulögum og einnig er víða að finna jökulberg t.d. hjá Sauðaklifshöfða. Þegar norðar dregur, á móts við Dettifoss, verða sprungur og misengji meira áberandi og enn norðar liggur eldvirknilína um Hraundal og Hafragil vestan Jökulsár, um Randarhóla, Rauðhóla, Kvensöðul, Hellragil og Rauðhóla í Landsheiði og enn lengra til norðnorðausturs

í stefnu á Tunguheiði. Frá þessari gígaröð má allvíða finna hraun, sem runnin eru á nútíma eftir tímatali jarðfræðinnar. Þau eru brunnin mjög og sprungin.

I lýsingu á skurðleiðinni hér að framan kemur fram, að gert er ráð fyrir að mynda allstórt lón á móts við Dettifoss, í laut þar sem heitir Þríhólahraun. Það hefur komið upp um sprungu og er á mjög takmörkuðu svæði, svo að það mun lenda inni í lóninu og má því gera ráð fyrir að ekki muni tapast vatn þar út að ráði, en undir þessu hraunlagi virðist vera mórenulag, sem væntanlega er þétt. Að þessum kafla fylgir skurðurinn næstum sömu stefnu og sprungur og misgengi. Samkvæmt því jarðfræðikorti, sem áður er minnzt á, virðist skurðurinn liggja í tiltölulega lítið sprungnu belti allt norður á móts við Rauðhóla í Landsheiði, en þar fyrir norðan er gert ráð fyrir að mynda lón, sem áður er lýst. Í botni þessa lóns er ein af þessum hraunspýjum, sem áður er minnzt á og runnin úr fyr nefndri eldvirknilínu. Stíflur bær, sem mynda þetta lón munu þó vera utan þessa hrauns, ef dæma má eftir áðurnefndum uppdrætti (teikn. nr. 75.057.1.20). Hins vegar eru alláberandi sprungur, sem liggja skáhallt gegnum lónið norðanvert, rétt um það svæði, sem fyrirhuguð ísskolunarvirki eiga að vera. Í kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir riflegri upphæð vegna aðgerða til þettinga í skurðinum, vegna þeirrar óvissu sem ríkir um væntanlegan leka. Tekið var mið af því að þetta mætti með steinsteypu í botni skurðarins á 15 km kafla frá lóninu á móts við Dettifoss allt til stöðvarinntaks á Borgarási. Einnig var reiknað með því að skurðveggir væru þéttir með steypuásprautun.

Hér á eftir er nánar lýst þeim mannvirkjum sem tengd eru aðrennslisskurðinum.

2.3.1 Stíflur meðfram skurði (teikn. nr. 75.057.1.06 - 9)

I kafla 2.3 hér að framan er minnzt á, að allvíða þurfi að stífla meðfram skurðinum. A teikningu nr. 75.057.1.06 er sýnd grunnmynd af skurðinum og bessum stíflum. A teikningu nr. 75.057.1.07 og 08 er sýnt langsníð í skurðinn og stíflurnar einnig. Þær kemur fram hæð þeirra, sem er mismunandi vegna þess að vatnsborð skurðarins er ekki alls staðar hið sama. Einnig er gert ráð fyrir, að í neyðartilvikum, t.d. við lokubilun eða að óvenjumikill ís hrannist upp og valdi stíflu í skurðinum, verði varayfirföll á nokkrum stöðum. Vatn rennur þá yfir stíflukafla, sem skolast burt. Þessar stíflur eru merktar sem varayfirföll á teikn. nr. 75.057.1.07 og 08. A teikn. nr. 75.057.1.09 eru sýnd snið í stíflur meðfram skurðum. Þær eru tvennis konar, annars vegar stíflur á klöpp og hins vegar stíflur á mórenu. Þessar stíflur eru byggðar úr jarðefnum með béttkjarna, síum, stoðfyllingu og grjótvörn. Krónubreidd er 5 m, fláar vatnsmegin 1 : 1,75, en 1 : 1,6 loftmegin. Þær sem undirstaðan er mórena er gert ráð fyrir að hreinsa veðraða lagið undir kjarnanum og við báðar stíflutær.

Þær sem stíflurnar standa á klöpp, er gert ráð fyrir 0,05 - 0,1 m þykku steypulagi undir kjarnanum. Að öðru leyti eru þær stíflur eins gerðar og hinarr, sem hvíla á mórenu.

2.3.2 Skurðinntak (teikn. nr. 75.057.1.05)

I inngangi að bessum kafla er lýst heildartilhögun aðrennslisskurðar. I kafla 2.1, þær sem lýst er stíflu við Sauðaklifshöfða, kemur fram, að vatnsborð í lóni er breytilegt, frá 370,5 (HV) niður í 365 (LV) m y.s. Gert er ráð fyrir, að hæsta flóðvatnsborð (HHV) verði í 372,5 m y.s. A teikn. nr. 75.057.1.06

sést að skurðinntakið er í miðlunarstíflunni milli Borgarhóla og Borga um það bil, þar sem núverandi vegur um Hólsfjöll liggur.

Þar sem klöpp er líklega í um 360 m hæð y.s. reynist hagkvæmast að hafa skurðinntakið steypta botnrás, sem sprengd er niður í um 353 m hæð y.s. Jafnframt fæst með samanburði, að hagkvæmt er að hafa tvö op 4,4 x 5,0 að innanmáli. Lengdin á inntaksrásinni er um 50 m og við neðri endann er gert ráð fyrir að hafa lokuhús einangrað og upphitað með lokubúnaði og stjórnþúnaði.

Þar sem takmarka þarf innrennsli í aðrennslisskurðinn, bæði eftir vatnsborði í lóni og vatnsþörf virkjunarinnar, er ljóst, að stjórn þessa lokubúnaðar þarf að vera sem allra nákvæmust.

### 2.3.3 Yfirlökkur og botnlokur í aðrennslisskurði

( teikn. nr. 75.057.1.10 og 11)

Fyrr í kafla 2.3 er minnzt á, að heildarfall í aðrennslisskurðinum sé um 7 m. Það er að mestu tekið á tveimur köflum í skurðinum, með því að botnhalli er þar meiri en annarsstaðar. Jafnframt er gert ráð fyrir að hafa yfirlökkur á tveimur stöðum, þar sem fyrrnefndir kaflar byrja, en fallhæð um þau verður um 1,7 m og 0,7 m. Þessi yfirlökkur hafa tvíbættu hlutverki að gegna. Í fyrsta lagi helzt vatnsborð ofan þeirra mun stöðugra, svo að ísþekja á þeim köflum skurðarins hreyfist mjög lítið þótt rennsli minnki eða jafnvel stöðvist. Í öðru lagi takmarka þau rennslið þannig að meðalvatnshraði ofan þeirra verður ekki meiri en 0,6 m/s, sem er nauðsynlegt til ísþekjumyndunar, sbr. kafla 5.5.

Yfirlökkur þessi eru steypt sem þungastíflur, á báðum stöðum er gert ráð fyrir að undirstaða sé á klöpp,

sjá teikn. nr. 75.057.1.10 og 1.11. Þá er einnig gert ráð fyrir að hafa botnlokur. Í syðra yfirfallinu, sem er um 12,8 km frá skurðenda eru tvær lokur  $2,4 \times 2,5$  m, en í hinu nyrðra, sem er um 18,7 km frá skurðenda eru brjár lokur  $1,6 \times 2,5$  m. Tilgangurinn með þessum botnlokum er sá, að geta tæmt skurðinn, ef þörf krefur, og jafnframt að geta aukið rennsli í skurðinum t.d. þegar ísþekja minnkar mögulegt rennsli á þeim hlutum skurðarins sem liggja næst ofan við yfirlökin.

Þá er gert ráð fyrir að hafa botnrás í stíflu þeirri sem liggur við norðurenda lónsins, sem umlykur príhólahraun, sjá teikn. nr. 75.057.1.11. Þessi botnrás yrði notuð til útskolunar á aur og framburði, auk þess sem nauðsynlegt getur reynzt að tæma lónið af öðrum orsökum. Gert er ráð fyrir að botnrásin standi í sprengdri rás og verði steyptur stokkur,  $2,6 \times 3,4$  m að innanmáli, með lokuhúsi og lokubúnaði vatnsmegin í stíflunni.

#### 2.3.4 Yfirlall, botnrás, ísloka og ísvarnarveggur.

( teikn. nr. 75.057.1.12 og 13 ).

Áður hefur verið minnzt á, að þar sem skurðurinn sveigir í átt að Borgarási, rétt norðan við Rauðhóla í Landsheiði er gert ráð fyrir að mynda nokkurt lón. Vatnsborð þess er áætlað í 357,0 m y.s., nánast hið sama og við stöðvarinntakið, sem er um 1,2 km norðar. Við norðurenda þessa lóns, er gert ráð fyrir að hafa yfirlall, 75 m að lengd. Það er steypt bungastífla og tengist öðru megin jarðstíflu, sem takmarkar lónið að austanverðu og hinu megin ísloku og botnrás, sem aftur er sambyggð við ísvarnarvegg, sem liggur skáhallt yfir aðrennslisskurðinn. Krónuhæð þessa yfirlalls er í 357,2 m y.s. Það er haft til öryggis, svo að vatnsborð í aðrennslisskurði haldist

innan leyfilegra marka, þæði ef loka í skurðinntaki bilar og mikið rennur inn í skurðinn, og einnig ef lokur í stöðvarinntaki lokast áður en hægt er að stöðva innrennsli í skurðinn. Auk þess má búast við að við skyndilegar álagsbreytingar muni renna um þetta yfirlall þar til jafnvægi kemst á inn- og útrennsli úr skurðinum.

A teikn. nr. 75.057.1.13 eru einnig sýnd þau mannvirki, sem nefnd eru hér að framan og tengjast þessu yfirlalli. Gert er ráð fyrir að hafa botnrás með loku  $3,5 \times 4$  m. Þar er reiknað með að geta skolað út úr lóninu aur og sandi, sem berast kann inn í skurðinn. Frá þessari botnrás er sprengd renna út í giljadög, sem liggja að Smjörhólsá. Þá er á sömu teikningu sýnd svonefnd ísloka, sem áætlað er að notuð verði til að fleyta ís og öðru reki af yfirborði lónsins og í fyrrnefndan skurð. Þessi loka er geiraloka  $4 \times 6$  m að stærð og er stjórnað með lokubúnaði í lokuhúsi á vinstri brún. Þá er gert ráð fyrir að hafa ísvarnarvegg samþygðan þessari ísloku og liggur hann samsíða rennslisstefnu lokunnar og skáhallt yfir aðrennslisskurðinn. Þessi veggur er með 8 opum, þannig að neðri brún opanna er um 2 m frá botni og efri brún þeirra er í 355 m hæð y.s. þ.e. 2 m undir venjulegu vatnsborði. Gert er ráð fyrir að hafa stöpla milli opanna og steypa stétt milli þeirra í botninn ásamt brú að ofan. Jarðstíflur tengjast þessu mannvirki í báða enda, sbr. teikn. nr. 75.057.1.13.

#### 2.3.5 Stöðvarinntak (teikn. nr. 75.057.1.12 og 14).

Í inngangi að þessum kafla er lýst í stórum dráttum tilhögun og staðsetningu á inntaksmannvirkjum fallganganna, sjá nánar á teikn. nr. 75.057.1.12 og 1.14. Inntak þetta verður tvöfalt og tengist tvennum lóð-

réttum aðrennslisgöngum, sem eru með hringlaga þver-sniði 4,0 m að þvermáli og stálfóðruð. Gert er ráð fyrir að þau nái upp í 340,0 m hæð y.s.

Aðallokur í þessu inntaki verða hjólalokur  $5 \times 7 \text{ m}^2$  að stærð. Yfir hvorri loku er gert ráð fyrir loku-húsum, sem eru u.p.b.  $5 \times 8 \text{ m}^2$  og 5 m há. Í þeim verður lyftibúnaður fyrir lokurnar og stjórnbúnaður. Rétt ofan við þessar lokur eru falsar, þar sem setja má varalokur ef þörf krefur. Í efri enda inntaks verða ristar, tvær hvoru megin, hver þeirra um  $8 \times 9 \text{ m}^2$  að stærð.

Meðalvatnsborðshæð ofan inntaks við fullt álag er áætluð 357,0 m y.s. Þá er gert ráð fyrir um 14 m dýpi þar, en meðaldýpi í aðrennslisskurðinum er sem fyrr segir um 12,6 m síðustu 11 - 12 km.

Stöðvarinntakið mun verða sprengt niður í klöpp, um það bil 5 - 6 metra, að öðru leyti verður fyllt að því, eins og sýnt er á teikn. 75.057.1.14. Að vestanverðu er gert ráð fyrir að tengja það jarðstíflu með því að hafa vængvegg, sem gengur út frá inntakinu að ofanverðu. Stífla þessi myndar lítið inntakslón, um  $200 \times 200 \text{ m}^2$  að flatarmáli utan í Borgarásnum norðanverðum.

Þá er gert ráð fyrir að hafa ísloku og botnrás í tengslum við inntakið að vestanverðu. Frárennsli þaðan fer í sprengdan skurð, sem skilar því niður í drög, sem liggja til Smjörhólsár, á sama hátt og reiknað er með í kafla 2.3.4 hér að framan. Tilgangur með þessum lokum er að hafa möguleika á enn frekari útskolun, bæði á framburði og ís. Botn-lokan verður geiraloka  $4 \times 3 \text{ m}^2$  og íslokan  $6 \times 3 \text{ m}^2$ . Þá er gert ráð fyrir að hafa brú ofan við þessa loku

og er reiknað með að hægt sé að aka eftir fyrrnefndum stíflum yfir inntakið. Inntakið, brúin og stíflurnar eru í hæð 360,0 m y.s.

2.4 Fallgöng, stöðvarhús, frárennsli.

(teikn. nr. 75.057.1.15 - 19).

Stöðvarinntakið er sem fyrr segir norðanvert á Borgarásnum, um 7 km frá Jökulsá, þar sem hún rennur í gljúfrum, þar sem kallast Landabjörg. Frá Borgarási er halli til norðurs og austurs, það mikill að ekki er unnt að hafa annað fyrirkomulag á nýtingu fallsins en aðrennslisgöng, neðanjarðarstöð og frárennslisgöng. Á fyrrnefndum kafla Jökulsár og allt niður undir Axarfjarðarbrú, er hins vegar nokkurt fall í ánni. Gerður var samanburður á hagkvæmni mismunandi frárennslisganga og varð niðurstaðan sú, að hagkvæmast væri að leggja þau frá Borgarási og beina leið til Jökulsár rétt norðan ármóta Landsár, þar sem vatnsborð Jökulsár er venjulega í um 34,0 m y.s. Lengd ganganna verður með þessu móti um 8200 m.

Í kaflanum næsta hér á undan, er lýst gerð aðrennslisganganna. Með hliðsjón af valinni vélastærð og fjölda þeirra, þykir rétt að gera ráð fyrir tveimur fallgöngum, sem aftur greinast í tvennt, þegar kemur niður í um 40 m hæð y.s. Fallgöngin verða með innsteyptri stálfóðrun, hringlaga þversniði, 4,0 m að þvermáli. Hinn lóðrétti hluti ganganna verður um 300 m að lengd. Vélasalargólf verður um 300 metra undir yfirborði jarðar. Stöðvarhellirinn er um 82 m að lengd og 22,5 m á breidd, þar sem hann er víðastur. Neðsta gólf verður í 34,0 m hæð y.s. Þar er hægt að komast að þrýstipípum og kúlulokum, sem eru á þeim, sjá teikn. nr. 75.057.1.17.

A næsta gólfí, sem er í 38,0 m hæð y.s. verða m.a. gangráðar vélanna.

Rafalagólf verður í 42,0 m hæð y.s. Þar er gert ráð fyrir rými fyrir verkstæði, geymslur og loftræsibúnað. Auk þess er gert ráð fyrir að þar verði kælibúnaður á spennum, stöðvarspennar, háspennu- og lágspennuskápar, sjá teikn. nr. 75.057.1.19.

Í vélasal er gólfhæðin ráðgerð í 45,0 m hæð y.s. Hann er aðskilinn með lóðréttum vegg frá spennasal, sem verður samsíða salnum. Vélasalurinn er um 11 metra víður og við enda hans er allstórt uppsetningarrými með sömu gólfhæð. Fyrir enda salarins, sömu megin og uppsetningarrýmið, er gert ráð fyrir að hafa stjórnsal, sem er um  $5,5 \times 8$  m<sup>2</sup> að flatarmáli og á þremur hæðum. Þar verður einnig ýmisleg aðstaða, svo sem snyrtiherbergi, stjórnborð stöðvarinnar og hluti af rafbúnaði hennar.

Neðan við gólf vélasalar er gert ráð fyrir, að steypt verði að bergveggjum stöðvarhellisins, en þar fyrir ofan verða útveggir lausir frá bergveggjum, með um 1 m rými á milli, upp að kranabitum. Þar verður aftur steypt að bergi og í lofti er gert ráð fyrir steyptri hvelfingu, sem steypt er fast að bergi.

Vegna legu stöðvarinnar er álið hagkvæmast að hafa spenna og tengivirki neðanjarðar. Því er öllu komið fyrir í spenna- og tengisal, sem er við hlið vélasalar og á sama gólfí, en skilinn frá með steyptum vegg eins og áður segir. Gert er ráð fyrir að hafa two krana, annan í vélasal, en hinn í spenna og tengisal.

Frá miðjum tengisalnum eru lagðir háspennustrengir í lóðréttum, sprengdum stokk upp á yfirborð. Yfir enda hans verður hús um  $10 \times 10$  m<sup>2</sup> að flatarmáli, frá því

tengjast strengirnir upp í endamastur háspennulínu frá orkuverinu. Stokkurinn er einnig notaður til loftræsingar, þ.e. fyrir útblástur.

Aðkomugöng verða lögð skáhallt niður að stöðvarhúsinu, þau verða með 12,5% halla ( 1 : 8 ). Í kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að þau verði fóðruð að 1/5 hluta og botn þeirra allur steypptur. Breidd þeirra er 6,0 m og jöfn hæðinni í miðju. Gert er ráð fyrir að hafa steyptan forskála yfir gangamunnum, sem verður um 30 m langur. Jarðhæð við gangadýr er 275 m y.s.

Heildarlengd frárennslisganga verður um 8200 m. Þar af eru efstu 100 m svelgur til að jafna vatnsborðssveiflur við álagsbreytingar.

Miðað við vatnsborð Jökulsár í 34,0 m hæð y.s. við munna frárennslisganganna verður venjulegt vatnsborð í svelgnum við fullt álag ( $Q = 164 \text{ kl/s}$ ) 43,2 m y.s.

Frárennslisgöngin eru skeifulaga, 9,8 m á hæð og breidd. Fremur lítið er vitað um jarðlagaskipan á þessari leið, en haustið 1975 var boruð ein kjarnahola á gangaleiðinni um þrjá km frá útrennslinu við Jökulsá. Samkvæmt þeirri holu munu göngin liggja í basalti frá jöklutíma, sem reyndist allvel þétt, en þó víða lagskipt. A teikn. nr. 75.057.1.20 er gangaleiðin sýnd á jarðfræðikorti. Samkvæmt því virðast göngin liggja skáhallt á ríkjandi sprungustefnu. Búast má við, að leki í göngunum verði allmikill á sprungusvæðunum og er í kostnaðaráætlun gert ráð fyrir að göngin verði steypufóðruð að 1/5 hluta. A teikn. nr. 75.057.1.22 er sýnt snið í fyrrnefnda borholu HV4 og lega hennar á teikn. nr. 75.057.1.15.

2.5

### Vélar og rafbúnaður.

Verkfræðistofan Rafteikning hf. hefur verið til ráðuneytis um gerð rafbúnaðar.

Gert er ráð fyrir, að vélasamstæður verði fjórar á lóðréttum ásum, samtals 444 MW. Hver vélasamstæða er tengd þremur einfasa spennum. Samtengdri Ydtengingu, 50 MVA hver,  $380/\sqrt{3}/20$  kV. Spennarnir eru olíu-vatnskældir (WU) með álagsla sum  $\pm 2 \times 2,5\%$  spennustillum. Einn spennir verður hafður til vara. Eiginnotkunar spennar verða 2 talsins,  $20/0,4$  kV  $\pm 2 \times 2,5\%$  í Dytengingu, 1,6 MVA hvor ásamt álagsspennustilli með  $\pm 9 \times 1,1\%$  spennustillingu. Gert er ráð fyrir 600 kW varadiesel-samstæðu.

380 kV tengivirknið er af innanhússgerð með SF<sub>6</sub> einangruðum búnaði. Þessi búnaður verður staðsettur fyrir ofan spennana og er sýndur á teikningu nr. 75.057.1.17 og 75.057.1.19. Í honum eru aflrofar, teinrofar, jarðrofar og mælaspennar. Þar sem aðalteinar eru af einfaldri geislagerð, er gert ráð fyrir framhjáhlupsrofum, sem gera kleift að taka hluta 380 kV-virkisins úr sambandi til eftirlits og viðgerðar án þess að truflun verði á rekstri stöðvarinnar.

Frá tengivirkini er orkan flutt eftir þriggja fasa SF<sub>6</sub> einangraðri straumskinnu, sem liggur eftir sprengdum stokki um 300 metra leið lóðrétt upp í steypt hús á yfirborði, sem inniheldur endabúnað 380 kV línumnar.

Rafalar og vélaspennar eru tengdir með sérstökum álskermuðum, lofteinangruðum hástraumsleiðurum. Miðtaug rafala, úttök fyrir 20 kV rofa, segulmögnunarspenna og mælaspenna eru tengd með samskonar skermuðum leiðurum. 20 kV og 0,4 kV rofa- og mæla-búnaður er í járnklæddum skápum.

Vatnsvélarnar eru Francishverflar 156.000 hö hver. Þeir eru hannaðir fyrir 310 m raunfallhæð og vatnsnotkun er 41 kl/sek. við ástimplað afl. Er þeim stjórnað með rafeindagangráðum og er snúningshraðinn 300 sn/mín.

Samtengdir vatnshverflunum eru þriggja fasa rafalar, 20 póla, 139 MVA hver,  $\cos \phi = 0,8$ . Vélaspenna er 20 kV  $\pm 10\%$ , tíðni 50 Hz og málstraumur 4013 A. Rafalarnir eru gas-vatnskældir og með stöðusegulmögnun.

## 2.6 Vegagerð o.fl.

Eins og komið hefur fram er gert ráð fyrir að mynda lón við Sauðaklifshöfða með stíflu í Jökulsá. Vatnsborð í lóni þessu verður breytilegt frá 365 m y.s. sem lægsta vatnsborð upp í 370,5 m y.s. þegar krónuhæð yfirfalls er náð og í mestu flóðum verður vatnsborð allt að 372,5 m y.s. Á teikn. nr. 75.057.1.03 er sýnd yfirlitsmynd af lóninu. Þar sést, að kafli þjóðvegarins milli Mývatns og Grímsstaða fer í kaf við venjulegt vatnsborð í lóninu. Þetta er um 1,5 km kafli frá Skógarholti austur fyrir Hrossaborg.

Samkvæmt uppdrætti frá Raforkumálastjóra frá 1955, þar sem sýnt er langsnið í Jökulsá á Fjöllum, er hæð á brúarsporði við Lindhól 370,84 m y.s. (FM-24). Því er auðsætt, að þessa brú verður að hækka, flytja hana til hærri staðar, eða byggja aðra í hennar stað. Í kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að byggð verði ný brú ásamt vegalagningu að henni, en núverandi brú notuð á byggingartíma og síðan flutt burt.

Virkjunarsvæðið nær frá Axarfirði upp undir Grímsstaði. Núverandi vegur um Hólsfjöll liggur á syðri hluta

þessarar leiðar nálægt fyrirhuguðu skurðstæði og sums staðar er gert ráð fyrir að mynda lón, þar sem þessi vegur er. Aðrennslisskurðurinn er um 34 km á lengd og meðfram honum öllum er gert ráð fyrir að leggja veg. Sá vegur getur bæði komið í stað núverandi Hólsfjallavegar og verið aðkomuleið til hinna mörgu mannvirkja, sem skurðinum eru tengd. Í kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir allhárri upphæð vegna þessarar vegagerðar.

Þá er gert ráð fyrir að leggja þurfi raflínu frá stöðvarinntaki, meðfram skurðinum og að skurðinn-taki og botnrás í stíflunni við Sauðaklifshöfða. Í kostnaðaráætlun er reiknað með 70 Mkr til þessara raflagna.

Í kafla 4.3, þar sem kostnaðaráætlun er sundurliðuð í kostnað við einstök mannvirki, er ekki gert ráð fyrir sérstakri upphæð vegna frágangs og snyrtинга á þessum mannvirkjum. Í einingarverðum fyrir jarð-vinnu er hins vegar gert ráð fyrir að jöfnun og snyrtинг sé innifalin, en vegna ýmissa annarra þátta, svo sem málningar, sáningar og þess háttar, er reiknað með 30 Mkr upphæð í kostnaðaráætlun.

3. AFL OG ORKUVINNSLA

I skýrslu Orkustofnunar frá janúar 1976 „ORKUVINNSLUGETA VIRKJUNARVALKOSTA Á NORÐURLANDI“ eftir verkfræðingana Helga Sigvaldason, Skúla Jóhannsson og Gunnar Ámundason er gerð grein fyrir líklegri orkuvinnslugetu ýmissa fyrirhugaðra virkjana á Norðurlandi. Aætlanir um orkuvinnslugetu Hólsfjalla- og Lambafjallavirkjana eru byggðar á þessari skýrslu.

Árleg orkuvinnsla virkjunarinnar verður m.a. háð dreifikerfi því, sem hún tengist, en við framan-greindar athuganir er miðað við tengingu við nú-verandi dreifikerfi á Norður- og Suðurlandi, eftir að þau hafa verið samtengd og bæði Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun hafa hafið orkuvinnslu. Niðurstöður eru sýndar á fylgiblaði 3.1. Línuritið sýnir orkuvinnslugetu Hólsfjalla- og Lambafjallavirkjana með mismunandi miðlun, og er orkuvinnslugetan skilgreind sem viðbót við orkuvinnslu grunnkerfis með tilkomu virkjananna. Orkuvinnslugeta grunnkerfis, þ.e. Búrfells-virkjunar, Sigölduvirkjunar, Sogs-virkjana, Laxárvirkjana og Kröfluvirkjunar auk smærri virkjana er talin 3760 GWh/a, sem skiptist þannig, að 75% fara til orkufreks iðnaðar og 25% til almennra nota. Reiknað er með afiltakmörkun á þann veg, að uppsett afl jafngildi því sem næst 6000 nýtingarstundum á ári. Með því felst um 16% vara-afl í viðbótarafli kerfisins, þar sem nýtingarstundir notkunar eru taldar tæpar 7000 á ári.

Við ákvörðun á líklegri orkuvinnslugetu er að öðru leyti byggt á reiknaðri rennslisröð við Dettifoss fyrir árin 1940 - 1973, ágizkuðu meðalrennsli til Hólsfjallavirkjunar 5580 Gl/a og 5200 Gl/a til Lambafjallavirkjunar.

Eins og sést á línuritinu (fylgiblað 3.1), verður ávinnungur í orkuvinnslu lítill, eftir að heildar-miðlun hefur náð 1500 Gl. Með þeirri miðlun er áætluð orkuvinnsla Hólsfjallavirkjunar einnar nálægt 4000 GWh/a, en sé einungis miðlað 150 Gl ofan stíflu við Sauðaklifshöfða, er orkuvinnsla talin 2660 GWh/a.

#### 4. KOSTNAÐARÁÆTLUN

##### 4.1 Grundvöllur kostnaðaráætlana.

Eftirfarandi kostnaðaráætlanir eru að mestu leyti byggðar á magnþolum mannvirkja, sem lýst var í kafla 2. Þar sem jarðlagaskipan hefur enn að verulegu leyti einungis verið könnuð með jarðsveiflumælingum, ríkir nokkur óvissa um nákvæmni þeirra og víða hefur orðið að byggja á líkum.

Leitazt hefur verið við að hafa kostnaðaráætlanir sambærilegar við nýgerðar áætlanir um virkjun Blöndu, Héraðsvatna við Villinganes og Jökulsár við Dettifoss.

Aætlanir miðast við verðlag eins og það var í maílok 1975. Miðað er við eftirfarandi kostnað við þá þætti, sem helzt hafa áhrif á einingarverð.

Dagvinnulaun verkamanns (4. taxti) ...	250	kr/h
Jarðýta, Cat. D9G .....	13050	kr/h
Jarðýta með rifjara .....	15300	kr/h
Hjólaskófla, 5,5 cu. yd. ....	8050	kr/h
Grjótvagn, 15 t .....	2980	kr/h
Borvagn með loftþjöppu .....	9150	kr/h
Bílkraní, 10 t .....	2230	kr/h
Sprengiefni .....	300	kr/kg
Sement .....	10160	kr/t
Steypustyrktarstál .....	100	kr/kg
Timbur, 25 x 150 mm .....	139	kr/m
Steypa án sements frá steypustöð .....	3378	kr/m <sup>3</sup>

Þar sem við á, eru tollar meðreiknaðir svo og 20% söluskattur. Miðað er við að leigutími vinnuvéla sé ein vika og þar sem við á, er reiknað með 30% hækkan á gjaldskrá vegna erfiðra skilyrða.

Verð á vélum og rafbúnaði er ákvarðað með hliðsjón af verðupplýsingum frá framleiðendum, sem aflað var við gerð framanskráðra virkjunaráætlana, og eru þá hvorki söluskattur né aðflutningsfjöld meðtalin.

Í kostnaðaráætlunum eru gjöld til landeigenda ótalín.

4.2 Kostnaðaryfirlit.

Vegagerð o.fl. ....	500,0	Mkr.
Stífla við Sauðaklifshöfða .....	1.281,5	"
Botnrás í miðlunarstíflu .....	217,8	"
Yfirlall við Sauðaklifshöfða .....	337,0	"
Skurðinntak .....	174,1	"
Aðrennslisskurður .....	5.999,0	"
Stíflur meðfram skurði .....	568,9	"
Yfirlall m. lokum L = 12,8 km .....	57,7	"
Yfirlall m. lokum L = 18,7 km .....	38,4	"
Botnrás úr lóni L = 16,1 km .....	40,1	"
Yfirlall, botnrás og ísvarnarveggur ..	212,6	"
Stöðvarinntak, ísloka, botnrás .....	347,1	"
Fallgöng .....	710,9	"
Stöðvarhús og aðkeyrslugöng .....	1.250,7	"
Frárennslisgöng og svelgur .....	2.748,7	"
Stöðvarvarðahús .....	130,0	"
Vélar og rafbúnaður .....	4.900,0	"
Samtals:		19.514,5 Mkr.
Ofyrirséð 5% af 4.100 Mkr. ....	205,0	"
Ofyrirséð 15% af 15.415 Mkr .....	2.312,5	"
Samtals:		22.032,0 Mkr.
Verðhækkanir .....	1.763,0	"
Samtals:		23.795,0 Mkr.
Hönnunar- og umsjónarkostnaður .....	2.380,0	"
Samtals:		26.175,0 Mkr.
Undirbúningskostnaður .....	475,0	"
Samtals:		26.650,0 Mkr.
Vextir á byggingartúma .....	2.650,0	"
<u>Heildarkostnaður vinnsluvirkja:</u>	<u>29.300,0</u>	<u>Mkr.</u>

Stofnkostnaður á afleiningu 66,0 Mkr/MW  
Stofnkostnaður á orkueiningu 11,02 kr/kWh/a

4.3 Sundurliðuð kostnaðaráætlun

	Ein.	Magn	Ein.v. kr.	Samt. kkr.
<u>Vegagerð o.fl.</u>				
Vega- og brúargerð			400.000	
Raflagnir um virkjunarsvæði			70.000	
Ýmiss frágangur og snyrtинг			30.000	
			<u>Samtals:</u>	<u>500.000</u>

Stífla við Sauðaklifshöfða

Gröftur	m <sup>3</sup>	379.000	250	94.750
Hreinsun, borun, graутun				220.000
Fylling, kjarni	m <sup>3</sup>	434.000	535	232.190
Fylling, síur	m <sup>3</sup>	391.000	355	138.805
Stoðfylling	m <sup>3</sup>	663.000	600	397.800
Grjótvörn	m <sup>3</sup>	115.000	1.200	138.000
Vatnsvarnir				60.000
			<u>Samtals:</u>	<u>1.281.545</u>

Botnrás í miðlunarstíflu

Gröftur	m <sup>3</sup>	80.000	150	12.000
Sprengingar	m <sup>3</sup>	3.000	1.100	3.300
Steinsteypa	m <sup>3</sup>	3.100	12.800	39.680
Bein mótt	m <sup>2</sup>	5.030	3.600	18.108
Hvelfd mótt	m <sup>2</sup>	85	6.200	527
Steypustyrktarst.	kg	290.000	185	53.650
Lokuhús				2.500
Lokur og lyftibúnaður				68.000
Vatnsvarnir				20.000

Samtals: 217.765

	Ein.	Magn	Ein.v. kr.	Samt. kkr.
<b><u>Yfirlall við Sauðaklifshöfða</u></b>				
Hreinsun og				
béttigar	m <sup>2</sup>	6.000	4.500	27.000
Steinsteypa	m <sup>3</sup>	18.360	12.800	235.008
Bein mótt	m <sup>2</sup>	8.470	3.600	30.492
Hvelfd mótt	m <sup>2</sup>	3.660	6.100	22.326
Steypustyrktarst.	kg	113.800	185	21.053
Steypuskilab.	m	370	3.000	1.110
<b><u>Samtals: 336.989</u></b>				
<b><u>Skurðinntak</u></b>				
Steinsteypa	m <sup>3</sup>	3.700	12.800	47.360
Bein mótt	m <sup>2</sup>	3.900	3.600	14.040
Hvelfd mótt	m <sup>2</sup>	80	6.200	496
Steypustyrktarst.	kg	220.000	185	40.700
Lokuhús				2.500
Lokur og lyftibúnaður				69.000
<b><u>Samtals: 174.096</u></b>				
<b><u>Aðrennslisskurður</u></b>				
Gröftur, laus				
jarðlög	m <sup>3</sup>	2.085.000	200	417.000
Gröftur, mórena	m <sup>3</sup>	2.690.000	400	1.076.000
Sprengingar	m <sup>3</sup>	3.606.000	1.000	3.606.000
Péttigar í skurði				900.000
<b><u>Samtals: 5.999.000</u></b>				

		<b>Ein.</b>	<b>Magn</b>	<b>Ein.v. kr.</b>	<b>Samt. kkr.</b>
<b><u>Stíflur meðfram skurði</u></b>					
Gröftur, laus					
jarðlög	m <sup>3</sup>	160.000	150	24.000	
Fylling, kjarni	m <sup>3</sup>	162.000	400	64.800	
Fylling, síur	m <sup>3</sup>	294.000	660	194.040	
Grjótvörn	m <sup>3</sup>	168.000	550	92.400	
Stoðfylling	m <sup>3</sup>	196.000	420	82.320	
Steinsteypa undir					
kjarna	m <sup>3</sup>	2.100	18.000	37.800	
Hreinsun undir					
kjarna	m <sup>2</sup>	21.000	3.500	73.500	

**Samtals:** 568.860

**Yfirlall m. lokum L = 12,8 km**

Steinsteypa	m <sup>3</sup>	1.650	12.800	21.120
Hvelfd mótt	m <sup>2</sup>	210	6.100	1.281
Bein mótt	m <sup>2</sup>	1.420	3.600	5.112
Steypustyrktarst.	kg	55.000	185	10.175
Lokur og lyftibúnaður				20.000

**Samtals:** 57.688

**Yfirlall m. lokum L = 18,7 km**

Steinsteypa	m <sup>3</sup>	950	12.800	12.160
Hvelfd mótt	m <sup>2</sup>	210	6.100	1.281
Bein mótt	m <sup>2</sup>	930	3.600	3.348
Steypustyrktarst.	kg	36.000	185	6.660
Lokur og lyftibúnaður				15.000

**Samtals:** 38.449

	Ein.	Magn	Ein.v. kr.	Samt. kkr.
<b><u>Botnrás úr lóni L = 16,1 km</u></b>				
Sprengingar	m <sup>3</sup>	9.000	1.100	9.900
Steinsteypa	m <sup>3</sup>	620	12.800	7.936
Hvelfd mótt	m <sup>2</sup>	40	6.100	244
Bein mótt	m <sup>2</sup>	940	3.600	3.384
Steypustyrktarst.	kg	25.000	185	4.625
Lokur og lyftibúnaður				14.000
<b><u>Samtals: 40.089</u></b>				
<b><u>Yfirlík, botnrás og ísvarnarveggur</u></b>				
Sprengingar	m <sup>3</sup>	22.600	1.100	24.860
Steinsteypa	m <sup>3</sup>	6.730	12.800	86.144
Hvelfd mótt	m <sup>2</sup>	790	6.100	4.819
Bein mótt	m <sup>2</sup>	7.920	3.600	28.512
Steypustyrktarst.	kg	207.000	185	38.295
Bergbéttинг o.fl.				10.000
Lokur og lyftibúnaður				20.000
<b><u>Samtals: 212.630</u></b>				
<b><u>Stöðvarinntak, ísloka, botnrás</u></b>				
Sprengingar	m <sup>3</sup>	11.300	1.100	12.430
Steinsteypa	m <sup>3</sup>	6.600	12.800	84.480
Hvelfd mótt	m <sup>2</sup>	1.120	6.100	6.832
Bein mótt	m <sup>2</sup>	6.200	3.600	22.320
Steypustyrktarst.	kg	265.000	185	49.025
Lokuhús o.fl.				2.000
Lokur, ristar og lyftibúnaður				170.000
<b><u>Samtals: 347.087</u></b>				

	Ein.	Magn	Ein.v. kr.	Samt. kkr.
<b>Fallgöng</b>				
Sprengingar	m <sup>3</sup>	13.200	4.600	60.720
Steinsteypa	m <sup>3</sup>	5.360	18.000	96.480
Stálfóðrun	kg	1.538.000	360	553.680
<b>Samtals:</b>				<b>710.880</b>
<b>Stöðvarhús og aðkeyrslugöng</b>				
Sprengingar, göng	m <sup>3</sup>	70.710	2.400	169.704
Sprengingar, véla-				
salur og sográs	m <sup>3</sup>	74.000	1.800	133.200
Sprengingar, strengja-				
stokkur	m <sup>3</sup>	2.800	6.000	16.800
Steinsteypa, göng				
o.fl.	m <sup>3</sup>	9.000	16.700	150.300
Steinsteypa	m <sup>3</sup>	17.000	12.800	217.600
Bein mótt	m <sup>2</sup>	24.000	3.600	86.400
Hvelfd mótt	m <sup>2</sup>	7.600	6.100	46.360
Steypustyrktarst.	kg	966.000	185	178.710
Steypust.stál,				
göng	kg	104.000	275	28.600
Hitun, lýsing, loft-				
ræsing og hreinlætisl.				87.000
Annar frágangur				136.000
<b>Samtals:</b>				<b>1.250.674</b>
<b>Frárennslisgöng og svelgur</b>				
Sprengingar	m <sup>3</sup>	748.000	2.000	1.496.000
Sprengingar,				
hjálpargöng	m <sup>3</sup>	32.000	2.300	73.600
Steinsteypa	m <sup>3</sup>	36.700	16.700	612.890
<b>Flyt:</b>				<b>2.182.490</b>

	Ein.	Magn	Ein.v. kr.	Samt. kkr.
<b><u>Frárennslisgöng og svelgur</u></b>				
		Flutt:		2.182.490
Mót	m <sup>2</sup>	57.500	5.120	294.400
Steypustyrktarstál	kg	734.000	275	201.850
Gangamunni				20.000
Vatnsvarnir, loka o.fl.				50.000
<b><u>Samtals: 2.748.740</u></b>				
<b><u>Stöðvarvarðahús</u></b>				
Tíu íbúðarhús			Samtals:	130.000
<b><u>Vélar og rafbúnaður</u></b>				
Túrbínur				1.400.000
Rafalar				1.950.000
Annar búnaður				1.550.000
<b><u>Samtals: 4.900.000</u></b>				

5. VATNAFRÆÐI

5.1 Vatnaskið

Jökulsá á Fjöllum á upptök sín í Dyngjujökli og Kverkjökli í um 800 m hæð y.s. Önnur aðalupptaka-kvísl Jökulsár, Kreppa, kemur undan Brúarjökli einnig í nálægt 800 m hæð y.s. Við Upptyppinga nálgast Jökulsá og Kreppa hvor aðra og renna síðan samsíða þar til þær sameinast 15 km neðar austan við Herðubreið.

Frá Upptyppingum að Lambafjöllum fellur Jökulsá 120 m á 50 km kafla, og þaðan að Selfossi nálægt 100 m einnig á 50 km kafla. Neðan við Selfoss er aðalfall árinnar eða nálægt 300 m á 30 km leið að Jökulsárbrú í Axarfirði. Brúin er í um 20 km fjar-lægð frá sjó, og er hæð árinnar þar nálægt 30 m y.s. Áin fellur þannig 550 m á 150 km leið frá Upptyppingum að sjó. Heildarlengd Jökulsár frá jökli að ósum í Axarfirði er talin 206 km. Selfoss er ásamt flúðum talinn 14 m hár og í Jökulsárgljúfrum, sem þar taka við, eru fjórir fossar, Dettifoss 44 m, Hafragilsfoss 27 m, Réttarfoss 7 m og Vígabergsfoss 11 m.

Vatnaskið Jökulsár við ósa er talið  $7750 \text{ km}^2$  og þar af líklega  $1600 \text{ km}^2$  á jökli. Ofan Sauðaklifshöfða er úrkamusvæðið rúmlega  $6000 \text{ km}^2$ , en ofan Lambajalla að meðtalinni Skarðsá eða nánar tiltekið ofan hugsan-legrar miðlunarstíflu á þeim slóðum er það tæplega  $5000 \text{ km}^2$ .

Berggrunnur vatnaskiðsins er í höfuðdráttum basalt frá hlýviðrikskeiðum jökulaldar, móberg og yngri hraun. Að verulegu leyti er hann hulinn hraunum og gjóska, þar sem yfirborðsrennsli er óverulegt, en að öðru leyti tiltölulega þéttum jökulruðningi og seti.

Ein veðurathugunarstöð, Grímsstaðir, er á vatnsviðinu. Úrkoma þar og sennilega einnig allt suður að Vatnajökli er mjög lítil (ársmeðaltal á Grímsstöðum 1931 - 1960 er 366 mm/a), en á jökli fer hún hratt vaxandi, er dregur að vatnaskilum, og er þar líklega nálægt 3000 mm/a.

## 5.2 Rennsliseinkenni.

Norski jarðfræðingurinn A. Helland mældi fyrstur rennsli Jökulsár á Fjöllum í júlí 1881. Mælt var á ferjustaðnum hjá Grímsstöðum og var rennsli þá 450 kl/s. Haustið 1907 mældi Guðmundur Hlíðdal síðar póst- og símamálastjóri rennsli á sama stað og jafnframt fallið frá Selfossi niður fyrir Hafra-gilsfoss (122 m). Að tilhlutan Fossanefndarinnar frá 1917 létt Vegamálastjóri hefja vatnshæðarálestra hjá Ferjubakka 1. október 1918. Álestrarar féllu með öllu niður í desember 1923, en síðan 1. nóvember 1938 voru reglulegir álestrarar á kvarða þar, þangað til 10. október 1955, að síriti var tekinn í notkun (vhm 20). Síðar hefur premur síritum til viðbótar verið komið fyrir á vatnsviðinu, við brúna hjá Grímsstöðum (vhm 102) í ágúst 1965, í Jökulsá við Upptyppinga (vhm 162) í júlí 1972 og í Kreppu við Krepputungu (vhm 163) einnig í júlí 1972.

Orkustofnun hefur látið reikna líklegt rennsli við Dettifoss miðað við mælt rennsli hjá Ferjubakka þannig, að frá því er dregið stöðugt lindarrennsli í Jökulsárgljúfrum 21 kl/s. Meðalrennsli við Dettifoss árin 1940 - 1973 fæst þannig 5740 Gl/a eða 182 kl/s. Vitað er, að mikill hluti þessa rennslis, líklega nálægt 110 kl/s, er jökulvatn, en það sem fram yfir er, að verulegu leyti lindarvatn.

Línurit yfir dreifingu vikurennslis og meðaltal og staðalfrávik vikurennslis eru í 18. hefti Orkumála (Sigurjón Rist og Helgi Sigvaldason: Langtíma-mælingar vatnsfalla). Rennslið einkennist af jökulleysingu og vorflóðum og tiltölulega jöfnu vetrarrennsli.

Stíflustæði við Sauðaklifshöfða er 15 km ofan við fyrirhugað stíflustæði Dettifossvirkjunar. Er þá mælt eftir farvegi árinna. Afrennslissvvæði milli stíflustæðanna mælist því sem næst  $460 \text{ km}^2$ . Meðalrennsli af þessu svæði er mjög lítið og líklega einungis  $10 - 12 \text{ l/s/km}^2$ . Með hliðsjón af áðurnefndu meðalrennsli til Dettifossvirkjunar má því ætla, að meðalrennsli til Hólsfjallavirkjunar verði nálægt  $177 \text{ kl/s}$  eða  $5580 \text{ Gl/a}$ .

### 5.3 Flóð

Mesta ársrennsli 1939 - 1973 er sýnt í töflu 5 - 1. Að þessu tímabili hefur rennslið aðeins tvisvar sinnum farið yfir  $1000 \text{ m}^3/\text{s}$ . Stærsta flóðið, sem talið er  $1550 \text{ m}^3/\text{s}$ , kom í júní 1949.

Mestu flóð í Jökulsá á sögulegum tíma hafa verið jökulhlaup (Sigurður Þórarinsson: Jökulhlaup og eldos á jökulvatnasvæði Jökulsár á Fjöllum, Náttúrufræðingurinn 1950). Stærstu jökulhlaupin voru á árunum 1655 - 1729 og er talið að þau hafi orsakast af eldsumbrotum í Dyngjujökli. Talið er ólíklegt að hámarksrennsli í þessum hlaupum hafi verið yfir  $15000 \text{ m}^3/\text{s}$  (Sigurður Þórarinsson: Some geological problems involved in the hydro-electric development of the Jökulsá á Fjöllum, Iceland, SEA, Jan. 1959).

Ennþá stærri flóð, eða hamfarahlaup, kunna að hafa orðið fyrir um  $2500$  árum (Haukur Tómasson: Hamfa-

TAFLA 5 - 1  
Jökulsá á Fjöllum  
Mesta ársrennsli.

Ar	HaQ, m <sup>3</sup> /s	Ar	HaQ, m <sup>3</sup> /s
1939	636	1959	601
40	707	60	466
41	785	61	404
42	942	62	537
43	636	63	478
44	568	64	455
45	823	65	478
46	785	66	472
47	1020	67	496
48	601	68	404
49	1550	69	460
50	785	70	472
51	636	71	383
52	942	72	532
53	863	73	378
54	508		
55	863		
56	399		
57	526		
58	508		

hlaup í Jökulsá á Fjöllum, Náttúrufræðingurinn 1973; Sigurvin Elíasson: Eldsumbrot í Jökulsárgljúfrum, Náttúrufræðingurinn 1974). Hugsanleg upptök fyrir hamfarahlaup virðast ekki vera til staðar núna.

Við hönnun á stíflum er steinsteypt yfirlall reiknað fyrir  $4000 \text{ m}^3/\text{s}$ . Þetta er talið efri mörk fyrir flóð vegna úrkomu og leysinga („probable maximum flood”), (Harza Engineering Company International: Dettifoss Project, Vo. I, 1963). Við stærra flóð en þetta rofnar varayfirlall í stíflunni og verður þá heildar flutningsgetan um  $15000 \text{ m}^3/\text{s}$ .

#### 5.4 Aurburður

Sýnishorn af svifaур í Jökulsá á Fjöllum hafa verið tekin á vegum Orkustofnunar, við Ferjubakka 1956 – 61 (45 sýni) og síðan við Grímsstaði (128 sýni 1963 – 70). Sérfræðingar Orkustofnunar hafa áætlað svifaур við Dettifoss árin 1963 – 70 og eru helztu niðurstöður sýndar á töflu 5 – 2. Munur á aurburði við Dettifoss og stíflustæði Hólsfjallavirkjunar er vafalaust minni en ónákvæmni í mælingum og útreikningum.

TAFLA 5 - 2

Jökulsá á Fjöllum, Dettifoss

Útreiknaður svifaур í milljónum tonna

Ár	Samtals	Grófur	Fínn	MaQ, m <sup>3</sup> /s
1963	6,9	5,3	1,9	160
1964	5,0	3,3	1,5	160
1965	8,9	6,5	2,4	178
1966	7,8	5,9	2,0	162
1967	4,9	3,5	1,4	155
1968	6,4	4,5	1,8	166
1969	7,3	5,4	1,9	164
1970	7,0	5,9	1,7	153
Meðaltal	6,8	5,0	1,8	162

Meðalrennsli áranna 1963 - 70 var töluvert minna en langtíma meðalrennsli og engin flóð yfir 500 m<sup>3</sup>/s komu á þessu tímabili.

Gizkað er á að botnskrið sé um 20% af magni svifaurs, en þetta hefur ekki verið áætlað með útreikningum.

Grófur svifaaur og botnskrið mun setjast til í stíflulóni Hólsfjallavirkjunar en fíni svifaaurinn mun að miklu leyti fara gegnum lónið og virkjunina. Lauslega áætlað munu 5 - 10 Gl/a setjast til í lóninu. Heildarrúmtak lónsins er um 175 Gl og mun það því fyllast á tveimur til fjórum áratugum ef ekkert er að gert ofar í ánni. - Fínn svifaaur mun að einhverju leyti setjast til í aðrennslisskurði virkjunarinnar. Á þessu stigi hefur ekki verið athugað hvort hér gæti verið um eitthvað magn að ræða sem máli skiptir, en skurðurinn er hannaður þannig að skola má út úr honum með því að lækka vatnsborð og auka straumhraða.

5.5 Ís

Almenn lýsing á ísalögum Jökulsár hefur verið gerð af Sigurjóni Rist (Jökulsá á Fjöllum; Virkjun við Dettifoss; Ísaspá. Orkustofnun, 1975).

Í frostum er virkt ísmyndunarsvæði í Jökulsá á alllöngum kafla ofan við fyrirhugað stíflulón. Búast má við að íshrannir myndist efst í lóninu og ánni ofan við það. Þetta mun þó ekki valda truflunum á rekstri virkjunarinnar.

Lónið mun verða lagt allan veturinn. Þetta er ljóst af samanburði við ísalög Mývatns (Sigurjón Rist: Mývatnsísar. Hafíssinn 1969). Helztu einkennistölur um Mývatnsísa í 36 ár eru í töflu 5 - 3.

TAFLA 5 - 3

Lagís Mývatns, kyrrstæður á miðju vatni.

	Fyrsti dagur	Miðgildi	Síðasti dagur
Ísalagnir íss, sem brotnar upp að hausti	29. sept. ('54, '63)	28. okt.	30.nóv. ('58)
Ísalagnir íss, sem helzt út veturinn	6. okt. ('68)	5. nóv.	6.des. ('33)
Ísabrot á vori	6. apríl ('64)	14. maí	21.júní ('49)

Skemmsst 143 dagar '33 - '34

ÍSPEKJA: Skv. miðgildi 190 dagar 36 vетра

Lengst 244 dagar '48-'49 (einnig  
'15-'16)

Mývatn er 277 m hæð y.s. en lónið í 370 m y.s. Þær  
vötnin eru gegnumrennslisvötn. Íspekjutíminn á lóninu  
verður því heldur lengri en á Mývatni.

Aðrennslisskurður virkjunarinnar er mjög langur eða  
um 34 km að meðtöldum uppistöðum sem verða á leiðinni.  
Að mestu leyti er skurðurinn hannaður með litlu falli  
og straumhraða 0,6 m/s eða minna og verður þá ísi  
lagður á vetrinn eins og lónið. Á tveimur stöðum er  
meira fall í skurðinum, fyrst á 3,3 km kafla um  
13 - 16 km frá stíflu og síðan á 3,4 km kafla um  
19 - 22 km frá stíflu. Straumhraði á þessum köflum  
verður 1 til 2 m/s og mun skurðinn ekki leggja þar.  
Vatnsflötur þessara opnu kafla er þó mjög líttill,  
eða um  $0,05 \text{ km}^2$  hvors um sig. Neðan við báða kaflana  
er uppistöður í skurðinum þar sem ísinn getur  
hrannast upp.

Ísvandamál á íslagnatímanum á haustin, áður en  
skurðinn leggur, vegna kraps, ísingar á ristum o.fl.  
geta orðið við þessa virkjun, eins og allar aðrar  
virkjanir hér á landi. Engin ástæða er þó til að  
ætla að þessi vandamál verði mjög tíð eða alvarleg  
ef rekstri virkjunarinnar er rétt hagað.

## 6. JARÐFRÆÐI OG BYGGINGAREFNI

### 6.1 Jarðfræði

Sumarið 1975 var að nokkru athuguð jarðlagaskipan á virkjunarsvæðinu, en vegna víðáttu þess og takmarkaðs tækjakosts og mannafla tókst ekki að ljúka öllum fyrirhuguðum jarðfræðirannsóknum. Orkustofnun sá um rannsóknirnar og hafði Oddur Sigurðsson jarðfræðingur daglega umsjón með beim. Lýsing hans á staðháttum og niðurstöðum rannsókna fer hér á eftir.

#### 6.1.1 Hólsfjallalón

„Aðalstífla við Sauðaklifshöfða nær frá Skógarholti vestan Jökulsár norður að Borgum, sem eru foksandshólar norðan þjóðvegar skammt vestur af Hólsseli.“

„Skógarholt er jökulurðarhryggur, sem hentar vel til undirstöðu stíflu, og ólíklegt er, að þar burfi að fjarlægja mikið af lausum jarðefnum eða þetta undirstöður. A bilinu frá Skógarholti yfir í Sauðaklifshöfða er farvegur og flóðfarvegur Jökulsár. Þar er mest allt efni vatnsborið set misjafnlega gróft allt frá hnnullungamöl niður í fingerðan sand. Slikt efni er ónothæft sem þéttig undir stíflu og verður að fjarlægja það og gera þéttitjald undir kjarna stíflunnar. Þetta lag er nokkuð misþykkt, meira en 10 m á köflum og niður í ekki neitt. Í borholu HV-1 (sjá teikn. 75.057.1.22) er grágrýtisklöpp á um 15 m dýpi, en nokkur hundruð metrum austan við hana er klöpp upp úr mjög nálægt stíflustæðinu. Setið (flóðsetið) bynnist suður á Skógarholtið og hverfur alveg við syðri enda fyrirhugaðrar stíflu. Er nær dregur ánni, er mölin um 5 m þykk (ágizkun vegna skorts á mælingum) og meðfram ánni sýna hljóðhraðamælingar u.p.b. 3 - 6 m þykkt lausra yfirborðslaga. Engar mælingar voru gerðar á rúmlega 1 km kafla yfir nú-

verandi árfarveg og Odda (tunguna milli Jökulsár og Hólsselskíls). Má áætla áraurana nálægt 5 m á þykkt, en í því felst talsverð ónákvæmni. Í farvegi Hólsselskíls má sjá grágrýtisklöpp. Kemur það vel heim og saman við upplýsingar úr borholu HV-2 sunnan í Sauðaklifshöfða (sjá teikn. 75.057.1.22). Höfðinn sjálfur hefur talsverða jökulurðakápu yfir sér öllum, en er að öðru leyti að mestu úr allvel hörðnuðu molabergi með mjög dreifðri kornastærð. Þó er ekki mikið af stórum molum í því. Þetta berg hefur talsverða útbreiðslu suður í Hrossaborgarlindir og Lindhofða og norður með ánni á Syðri-Norðmelseyrar. Þetta berg, sem gæti verið jökulberg, er allþétt og ágæt stífluundirstaða. Þó er hætta á leka á lagamótum við grágrýtisklöppina. Á stíflustæði í Höfðadal eru nær engin laus yfirborðslög heldur einungis áðurnefnt molabergslag. Jarðlagaskipan Ytrihofða er eins og í Sauðaklifshöfða, en á stíflustæðinu norðan Ytrahofða er molabergslagið ekki, heldur bunnt lag af lausu efni á yfirborði ofan á grágrýtisklöppinni næst höfðanum, og nakin klöpp, er nær dregur Borgarhólum. Í klöppina nálægt Borgarhólum var boruð hola, HV-3 (sjá teikn. 75.057.1.22), þar sem fyrirhugað er að hafa yfirfall á stíflunni. Undirstaðan er rúmlega 20 m þykkt heillegt basaltlag og því mjög traust."

"Í Borgarhólum er a.m.k. að nokkru leyti vatnsþeginn sandur og möl og gæti það verið smá malarásstubbur. Má eflaust nota það sem byggingarefni, en það er líklega lekt og þarf því að hreinsa þar allt laust efni niður á klöpp undan kjarna stíflunnar."

"Norðan Borgarhóla eru melvaxnir foksandshólar, Borgir, sem þarf að fjarlægja eða þétta."

„A öllu lónsstæðinu er jarðvatn nærri yfirborði og sprungur í berggrunninn fáar. Fyrirhugaðar stíflur liggja yfirleitt samsíða sprungum, svo lítið þarf að óttast leka þeirra vegna undir stíflurnar.“

#### 6.1.2 Veituleiðir

„Úttaksmannvirki úr Hölsfjallalóni er fyrirhugað norðan við Borgarhóla. Þar er tiltölulega grunnt á klöpp og að því er virðist, hæfilega djúpt fyrir undirstöðu úttaksmannvirkja.“

„A leiðinni frá Borgarhólum um Dældarhóla í Vestari-Dæld þarf eflaust að sprengja klöppina eitthvað, en það verður sennilega lítið. Vestari-Dæld þarf að girða af með nokkrum stíflugörðum. Í henni þarf lítið að grafa og ekkert að sprengja. Stíflurnar í skörðunum í Langamel yrðu reistar á jökulruðningi og því á góðum grunni, en stífla sú sem girðir af syðri enda Vestari-Dældar þarf nánari athugana við. Þar eru líkur á flóðseti úr Jökulsá“.

„Við suðvesturhorn Syðra-Norðmelsfjalls er haft, sem grafa þarf sundur og sennilega einnig að sprengja lítið eitt, en dældin austan við fjallið er svo djúp, að þar þarf lítið að grafa. Skurðurinn sveigir svo aftur til vesturs norðan við Syðra-Norðmelsfjall, og er þar allbykk jökulurð og litlar líkur á, að þar burfi að sprengja. Er skurðurinn tekur aftur stefnu til norðurs þynnist mjög jökulurðin á klöppinni og þarf að sprengja mestan hluta leiðarinnar norður að Þríhólaþegðinni“.

„Lægðina við Þríhóla verður að girða af á tvo vegu með stíflum. Stíflustæðin eru á klöpp eða þunnri jökulurðarskán ofan á klöppinni. Sprungur og misengi eru áberandi við lægðina, enda er í henni lítil gígaröð með tilheyrandi hraunbleðli. Alldjúpt er

þar á jarðvatn og því nokkur hætta á leka úr uppi-stöðunni".

„Frá Þríhólalægðinni verður að sprengja allan skurðinn að lægð austan Rauðhóla. Sú lægð er um 2 km á lengd og að nokkru vikurfyllt. Þykkt lausu jarðlaganna í lægðinni er óþekkt vegna skorts á mælingum, en gera má ráð fyrir 3 - 5 m a.m.k.“

„Fyrir austan Kvensöðul er aftur mjög grunnt á klöpp og gildir það um skurðleiðina allt að Hellragili.

Mun þurfa að sprengja skurðinn alla þá leið. Norðan Hellragils þykknar jökulurðin, en þykktin hefur ekki verið mæld, og ríkir því óvissa um þann hluta skurðsins allt norður fyrir Rauðhóla í Landsheiði. Hraunið frá þessum Rauðhólum hefur lagst í lægðina austan Borgaráss, en þá lægð þarf að stífla til norðurs og að nokkru til vesturs. Undirstaða stíflugarðanna er jökulurð, en þetta svæði er ákaflega sprungið og missigið og auk þess benda líkur til, að mjög djúpt sé á jarðvatn. Verður því að teljast mikil hætta á leka, og gæta þarf að sprungum, sem liggja undir fyrirhugaðar stíflur. Grunnan skurð þarf að sprengja í hraunið í lægðinni eða e.t.v. má þræða meðfram hrauninu í auðgræfari jörð“.

„Skurðinn í gegnum kollinn á Borgarási þarf eflaust að sprengja, en þykkt lausra jarðлага er lítt þekkt þar. Líklegt er þó, að hún sé veruleg“.

#### **6.1.3 Stöðvarhús og frárennslisgöng**

„Fyrirhugað er að sprengja fallgöngin um 300 m niður vestarlega í há-Borgarásinn norðanverðan. Þykkt jökulruðningsins þar er óþekkt, eins og áður getur, en hún er líklega nálægt 5 m. Fallgöngin verða að mestu í grágrýtisbasalti með fáum þykkum millilögum.

Bergið er í sjálfu sér nokkuð þétt og ef tækist að sneiða hjá sprungum yrðu göngin einnig þétt. Fátt er bó hægt að fullyrða um fallgöngin þar sem engar boranir hafa farið fram nálægt Borgarási".

„Fyrirhuguð frárennslisgöng eru með norðvestlægri stefnu í átt að Landsbæjum. Jarðlögum hallar barna um 4° til vesturs. Ein hola, HV-4, (sjá teikn. 75.057.1.22) var boruð á þeirri leið haustið 1975. Ær hún við Grjótlæk um 2 km suðaustur af Austara-Landi. Þær var allþétt berg svo til alla þá 150 m, sem boraðir voru, nema síðustu 10 m, sem eru í mjög sprungnu bergi. Lektin þar er heldur ekki veruleg. Vegna vesturhalla berglaganna liggja göngin vestan við borholu HV-4 að mestu í þeim lögum, sem í ljós komu, þegar borað var. Austan hennar eru þessi jarðlög hins vegar fyrir ofan gangaleiðina".

„Jarðvatn á svæðinu austanverðu er í um 200 m hæð yfir sjó og liggja því göngin öll langt undir jarðvatnsborði. Því má búast við talsverðum leka í göngunum, en hann verður að langmestu leyti í ákveðnum sprungum í berginu, sem er að öðru leyti allþétt".

## 6.2 Byggingarefni

### 6.2.1 Inngangur

Skipulögð efnisleit hefur ekki verið framkvæmd á svæðinu, en hins vegar hafa líklegar efnisnámur fyrir einstaka byggingarhluta verið kannaðar nokkuð, og þá í sambandi við aðrar virkjanir, t.d. stífluefni vegna fyrirhugaðrar Dettifossvirkjunar og steypuefni vegna Kröfluvirkjunar. Þá voru einnig tekin sýni úr mórenuhaugum á Skógarholti, en efni þessu hafði verið ýtt upp og mun vera notað í ofaníburð. Sýni

þessi voru send til rannsókna á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, og liggja niðurstöður þeirra rannsókna nú fyrir.

Hér á eftir verður nánar getið helztu niðurstaðna allra tiltækra rannsókna.

#### 6.2.2 Steypuefni

Sýni var tekið í námu austan Jökulsár skammt suður af brúnni hjá Grímsstöðum. Rannsókuð var kornadreifing sýnisins, magn lífrænna og ólífrænna efna og sýnið var berggreint. Loks var hrærð prófsteypa og steyptir 6 sívalningar til athugunar á brotþoli og 2 strendingar til athugunar á endingarstuðli við frostþíðupróf.

A fylgiblaði 6.2.1 er sýnd kornadreifing sýnisins ásamt berggreiningu, og magni lífrænna og ólífrænna efna. Kornadreifing er þannig, að nýtilegt steypuefni ætti að fást næsta auðveldlega. Þó mun hafa vantað í sýnið nokkuð af fínsandi til þess að kröfum um finleika væri fullnægt. Í berggreiningu er efnið kallað hreint sundurleitt basalt, lítillega blandað ýmsu veðrunarþolslitlu bergi, og ætti því að öðru jöfnu að vera gott steypuefni. Þá bendir mettivatn til þess, að efnið hafi vel í veðrunarþolna steypu.

Í prófsteypu var bætt nokkru af fínsandi í mölina eins og sýnt er á fylgiblaði 6.2.2, en þar er sýnd kornadreifing einstakra hluta sands og malar ásamt kornadreifingu þess sem steypt var úr.

A fylgiblaði 6.2.3 eru sýnd blöndunarhlutföll í prófsteypu, ásamt helztu niðurstöðum rannsóknarinnar. Prófað var brotþol eftir 7 og 28 daga og reyndist

7 daga styrkur vera um 77% af 28 daga styrk, og jafnframt var hlutfall milli sementsmagns og 28 daga styrks ágætt.

Niðurstöður frostþíðuprófs eru sýndar neðst á fylgiblaði 6.2.3, en þar kemur fram að eftir 300 umferðir er endingarstuðull annars sýnisins 99% en hins 100%.

Náma sú sem sýnið var tekið úr hefur nokkuð verið notuð áður, en hins vegar er ekki vitað hversu mikið er af nýtilegu efni þarna né hvort sýni það sem tekið var sé marktækt. Líklegt þykir þó, að svipað efni sé viða með Jökulsá, allt norður undir Dettifoss.

#### 6.2.3 Kjarnaefni

Eitt sýni var tekið úr haugum, sem ýtt hafði verið upp á svonefndu Skógarholti. Sýnið var sent á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins til athugunar á kornadreifingu allt niður í leirstærð, rakastigi, þjöppunarferli og lekt og loks skyldi sýnið berggreint.

Niðurstöður athugana á kornadreifingu eru sýndar á fylgiblöðum 6.2.4 og 6.2.5. Sáldurferillinn er svipaður því sem venjulegt er fyrir mórenu með um 20% fínefnishlutfall á óunnu efni, en við þjöppunarvinnu hækkaði þetta hlutfall up í 28%.

Rakastig efnisins í haugunum reyndist vera 10,3%, en ekki er ljóst hvort hér er um náttúrulegt raka-stig að ræða, eða hvort rakastig efnisins hefur breytzt, þegar því var ýtt upp. Ólíklegt er að þarna skakki meira en 1% af eða á.

Niðurstaða lauslegrar berggreiningar er sýnd neðst á fylgiblaði 6.2.4, en hún sýnir að um 20% efnisins

er bétt basalt, en um 80% vatnsdrægt molaberg, sem molnar nokkuð við vinnslu.

Við athugun á bjöppunarferli kom svo í ljós, að efnið hagar sér mjög óvenjulega af mórenu að vera.

Þjöppunarferillinn er nánast láréttur. Tilraun bessi var endurtekin til frekari staðfestingar á niðurstöðum og fékkst hún. Við smásjárathugun á finefninu kom í ljós um helmingur bess er mjög ljós og kann að vera vikurkenndur og bá með hlutfallslega mikla holrýmd, enda er kornarúmþyngd nokkru lægri en t.d. í mórenusýnum frá Dettifossi. Vikur bessi eða aska hefur líklega blandast efninu þegar ýtt var upp í hauga.

Þá var kannaður lektarferill efnisins og reyndist hann álika óeðlilegur og þjöppunarferillinn, ef miðað er við kornadreifingu.

Þar sem nefndar niðurstöður eru svo ólíkar þeim sem fengust við rannsóknir á mórenu frá Dettifossi, en uppruni þessara mórenunáma hins vegar svipaður, þykir ekki ástæða til að sýna hér niðurstöður rannsókna á efni frá Skógarholti.

#### 6.2.4 Síuefni

Athugun hefur sýnt, að mjög mikið flóðset er meðfram Jökulsá á bessu svæði, allt norður að Dettifossi, og enn fremur eru nokkrir malarásar í næsta nágrenni.

Ætla má af fyrri athugunum að nýtilegt síuefni sé í flóðsetinu, en hins vegar er óljóst hvort malarásarnir eru nýtilegir í síur. A fylgiblaði 6.2.5 eru sýnd síumörk miðuð við kjarnaefnissýnið, sem tekið var á Skógarholti. Einnig er sýndur meðalferill sýna sem tekin voru í flóðseti vestan Jökulsár, skammt sunnan

við Selfoss. Ferill bessi liggar allur innan síumarka og dreifing slík, að efnið hæfir mjög vel sem síuefni.

Þetta set er nærtækt fyrir stíflu við Sauðaklifshöfða og stíflur meðfram syðsta hluta aðrennslisskurðar.

Engar rannsóknir hafa farið fram á öðru hugsanlegu síuefni, en ætla má, að í malarhjöllum í Forvöðum megi fá nýtilegt efni, og einnig við Valagilsá, en frá þessum stöðum að fyrirhuguðu stíflustæði eru 6 - 8 km.

#### 6.2.5 Stoðfyllingarefní

